FRÉTTABLAÐIÐ
FRÍTT
134. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR
— MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* —
FÖSTUDAGUR 9. JÚNÍ 2017

# Kaldrifjuð líkamsárás endaði í morði

**Fjölskylda unnustu Arnars Jónssonar Aspar, sem var myrtur við heimili sitt á miðvikudag, gagnrýnir að hún hafi enga áfallahjálp fengið. Unnustan og aðrir fjölskyldumeðlimir urðu vitni að hrottafenginni árás sex manns sem leiddi til dauða Arnars.**

**LÖGREGLUMÁL** Einn hinna grunuðu í manndrápsmálinu í Mosfellsdal, Sveinn Gestur Tryggvason, heyrist á upptöku á símtali til Neyðarlínunnar hreyta ókvæðisorðum að hinum látna um meinta fíkniefnaskuld. Á sömu upptöku heyrast hljóð frá Arnari Jónssyni Aspar sem gefa til kynna að hann sé enn á lífi, en hann lét lífið eftir árásina. Sveinn, sem er æskuvinur hins látna, hringdi sjálfur á Neyðarlínuna og óskaði eftir sjúkrabifreið að heimili Arnars, Æsustöðum í Mosfellsdal.

Það var um hálf sjö á miðvikudag sem lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu barst tilkynning um hrottafengna árás í Mosfellsdal. Þegar lögreglu bar að garði á Æsustöðum stóðu tveir menn yfir hinum látna, þeir Sveinn Gestur og Jón Trausti Lúthersson, sá síðarnefndi var að tala í símann en Sveinn Gestur hafði hafið endurlífgun.

Arnar Jónsson Aspar og unnusta hans eignuðust dóttur þann 27. maí síðastliðinn. Á miðvikudag, aðeins nokkrum klukkustundum fyrir árásina, fór parið með dóttur sína í myndatöku eins og oft tíðkast með nýfædd börn. Samkvæmt upplýsingum frá fjölskyldunni eru þessar ljósmyndir þeim einstaklega dýrmætar nú.

Dóttirin unga var sofandi á meðan árásin átti sér stað en móðir hennar þurfti að horfa upp á misþyrmingar á manni sínum. Foreldrar hins látna og afi unnustunnar urðu einnig vitni að árásinni. Árásin hefur verið fjölskyldunni mikið áfall en nánustu aðstandendur unnustunnar gagnrýndu harðlega í samtali við Fréttablaðið að í gær hafi konunni ekki verið veitt nein áfallahjálp. Hún fékk heimsókn frá presti en árásin stendur henni ljóslifandi fyrir sjónum og hjálp fagmanns sé nauðsynleg. Ljósmóðir kom á heimilið til að vitja dótturinnar en hún bæði nærist vel af móðurmjólk og sefur.

Tengdafaðir Arnars segir málið skelfilega sorglegt. „Þau voru svo ástfangin og hamingjusöm, glöð og ánægð. Framtíðin blasti við þeim.“

Öll hin grunuðu í málinu, Jón Trausti Lúthersson, Sveinn Gestur Tryggvason, Ásta Hrönn Guðmundsdóttir, bræðurnir Marcin og Rafal Nabakowski og Rúnar Örn Bergmann voru úrskurðuð í gæsluvarðhald um kvöldmatarleytið í gær.

Sjá síðu 4

**6**
**eru grunuð í málinu og hafa öll verið úrskurðuð í gæsluvarðhald**




Vopnaðir sérsveitarmenn voru viðstaddir þegar lögreglumenn fylgdu sex manns, sem grunaðir eru um að hafa ráðist á Arnar Jónsson Aspar á miðvikudagskvöld, með þeim afleiðingum að hann lést, fyrir dómara í gær. Á myndinni sést Jón Trausti Lúthersson, en hann var úrskurðaður í gæsluvarðhald til 23. júní. FRÉTTABLAÐIÐ/RITSTJÓRN

## Allar tískulínur sænska verslunarrisans verða til sölu

**LÍFIÐ** Álfrún Pálsdóttir, ritstjóri íslenska Glamour, skellti sér í vikunni til Óslóar í höfuðstöðvar H&M í Noregi og kynnti sér hvað sænska fatakeðjan H&M mun bjóða landsmönnum upp á í haust en eins og kunnugt er orðið mun H&M opna verslanir í Kringlunni og Smáralind í ágúst.

Álfrún segir landsmenn eiga gott í vændum þar sem H&M á Íslandi mun selja allar tískulínur merkisins, að H&M Home undanskilinni. Hún segir vörulínur haustsins einkennast af vönduðum yfirhöfnum og góðum skóm sem henti íslensku veðurfari vel. **– gha / sjá síðu 36**

## Útgönguspár segja Íhaldsflokkinn tapa þingmeirihlutanum

**BRETLAND** Útgönguspár benda til þess að Íhaldsflokkurinn sigri í bresku þingkosningunum sem fóru fram í gær. Flokkurinn mælist þó ekki með meirihluta á þingi. Þetta var staðan þegar Fréttablaðið fór í prentun í gærkvöld.

Samkvæmt útgönguspá á vegum sjónvarpsstöðvanna BBC, ITV og Sky mun Íhaldsflokkurinn fá 314 sæti á þinginu en Verkamannaflokknum er spáð 266 sætum. Verkamannaflokkurinn bætir þannig við sig 34 sætum.

Útlit er fyrir að enginn flokkur verði með meirihluta á þingi. Því er óvíst hvort Theresa May, leiðtogi Íhaldsflokksins, verði áfram forsætisráðherra. Hún hefur sinnt embættinu frá því að David Cameron sagði af sér í fyrrasumar. **– sg / sjá síðu 6**

### Fréttablaðið í dag

**SKOÐUN** Bergur Ebbi skrifar um brúngulan 8. áratuginn. 13
**SPORT** Markalaust jafntefli í hellidembu í Dublin. 18
**LÍFIÐ** Moses Hightower sendir frá sér nýja plötu. 40
**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ**
● FÓLK
● SJÓMANNADAGURINN

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

SMÁRABÍÓ
SMAX
FLAGSHIP LASER 4K DOLBY ATMOS
FULLKOMNASTI KVIKMYNDASALUR LANDSINS
Coca-Cola
Fullkomnasta mynd í heimi
Fullkomnasta hljóð í heimi
Fullkomnari aðstaða

## Veður




Norðaustan 3-8 og bjart með köflum á morgun, en dálítil rigning eða skúrir SA- og A-lands og þokuloft úti við NV-ströndina. Það má búast við síðdegisskúrum SV-lands.
SJÁ SÍÐU 32



Hæstiréttur sneri við dómi héraðsdóms í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTONBRINK

# Sýknuð af kröfu vegna útleigu íbúða á Airbnb

**DÓMSMÁL** Samkvæmt dómi sem féll í Hæstarétti í gær mega eigendur íbúða í fjölbýlishúsum leigja út íbúðir sínar í skammtímaleigu.

Hæstiréttur sýknaði í gær Guðlaug Rúnar Guðmundsson og Sigrúnu Gróu Skæringsdóttur af aðalkröfu og varakröfu Húsfélagsins 101 Skuggahverfi -1 og sneri þannig við dómi Héraðsdóms Reykjavíkur.

Héraðsdómur hafði komist að þeirri niðurstöðu að hjónunum sem voru eigendur þriggja íbúða á Vatnsstíg í Skuggahverfinu hefði verið óheimilt að leigja út íbúðirnar án samþykkis allra íbúa hússins.

Húsfélagið sem um ræðir er stórt, það tekur til sjö húsa með 79 íbúðum. Í dómnum kemur fram að af gögnum málsins og skýrslum vitna fyrir dóminum við aðalmeðferð málsins hafi verið ráðið að sú starfsemi sem hjónin ráku í íbúðum sínum hefði truflað aðra íbúa fjöleignarhússins á margan hátt, þótt í mismiklum mæli væri.

Húsfélaginu var í dómi Hæstaréttar gert að greiða áfrýjendum samtals 2,5 milljónir króna í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. **– sg**

**»Eigendur íbúða í fjölbýlishúsum mega leigja út íbúðir í skammtímaleigu.**

# Skora á alla að gerast heimsforeldrar



Grínstjórar dags rauða nefsins, Saga Garðarsdóttir og Dóra Jóhannsdóttir, brugðu á leik með Páli Óskari í tilefni dagsins. Fjölmargir listamenn leggja UNICEF lið af þessu tilefni. Rapparinn Kött Grá Pje samdi til að mynda lag dags rauða nefsins, Sturla Atlas hannaði rauðu nefin í ár og Sigríður Thorlacius fór alla leið til Bangladess til að kynna sér aðstæður barna og baráttu UNICEF fyrir velferð þeirra. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Vinsæl öpp fyrir brjóstagjöf

**VIÐSKIPTI** Snjallsímaforrit á borð við Baby Connect sem snúa að brjóstagjöf verða sífellt vinsælli. Markaðurinn fyrir snjallsímaforrit sem fylgjast með brjóstagjöf og veita ráðgjöf fer ört vaxandi. Því er spáð að verðmæti hans muni aukast úr 36 milljónum dollara 2015 í 250 milljónir dollara árið 2020 samkvæmt Marketsand-Markets.

BBC greinir frá því að vörur tengdar brjóstagjöf séu annar mest vaxandi markaðurinn hjá Amazon.

Þessi aukning í sölu er hluti af vaxandi markaði fyrir ungbarnavörur sem spáð er að muni stækka úr 11 milljörðum dollara í 13 milljarða dollara á næstu fjórum árum.

Brjóstagjafaröpp hafa þann kost að geta tekið saman gögn um hvernig gangi og geta aðstoðað konur við að skipuleggja daginn í kringum brjóstagjöf. **– sg**

# Óútreiknanlegt vatn þreytir Álftnesinga

**Hluti íbúa á Álftanesi glímir við að kaldavatnsþrýstingur er ekki eins og best verður á kosið. Sumum reynist erfitt að fara í sturtu á ákveðnum tímum dags eða vikunnar. Vandinn er mestur þegar hlýtt er í veðri. Málið er í skoðun hjá Veitum.**

**SAMFÉLAG** Íbúar Álftaness eru langþreyttir á lágum kaldavatnsþrýstingi á svæðinu. Vandamálið hefur komið upp reglulega undanfarin ár. Málið er komið í ferli.

Í Facebook-hópnum Íbúar Álftaness skýtur málið reglulega upp kollinum. Má þar meðal annars finna innlegg frá því í júní í fyrra þar sem rætt er um málið og öðru hvoru síðan þá. Hjá sumum renni kalda vatnið nánast ekki, hjá öðrum kólnar það varla og aðrir heyra einhver óhljóð í rörunum. Enn aðrir tala um að ekki sé hægt að fara í sturtu nema á ákveðnum tímum sólarhringsins.

„Þetta birtist með mjög mismunandi hætti,“ segir Huginn Freyr Þorsteinsson, íbúi á Álftanesi. „Maður hélt fyrst að þetta væri bundið við mann sjálfan og manns eigið hús en síðan heyrði maður fleiri tala um þetta. Vandamálið virðist oft vera meira um helgar þegar notkun er mikil,“ segir Huginn.

Það virðist ekki vera svo að íbúar nessins séu Indriðar upp til hópa sem heyri endalaust bank í ofnunum. Gunnar Freyr Steinsson hefur verið í sambandi við Veitur vegna málsins.

„Við fluttum hingað í lok ágúst og tókum strax eftir því að sturtan var leiðinleg. Vatnið var ýmist alltof kalt eða alltof heitt, svo heitt að það lá við bruna, til skiptis,“ segir Gunnar. Þar sem blöndunartæki í húsi hans voru fjörgömul brá hann á það ráð að skipta þeim út í von um að vesenið yrði fyrir bí. „Þetta skánaði við nýju tækin en við finnum fyrir þessu reglulega. Sérstaklega þegar það er heitt í veðri.“



Gunnar Freyr Steinsson með garðslönguna, sem stundum er alveg jafn kraftlaus og sturtan á heimili hans á Álftanesi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

> **Maður hélt fyrst að þetta væri bundið við mann sjálfan og manns eigið hús en síðan heyrði maður fleiri tala um þetta.**
>
> Huginn Freyr Þorsteinsson, íbúi á Álftanesi



Gunnar og kona hans voru í sambandi við Veitur en fyrirtækið sendi mann til þeirra fyrir nokkrum vikum og skoðaði hann húsið. Gunnar benti honum einnig á umræðuna í hópnum og fékk þá þær upplýsingar að svona ætti þetta ekki að vera.

„Veitur hafa fundið fyrir sveiflum í þrýstingi og telja að það megi rekja til leka í kerfinu. Það er unnið að greiningu og lekaleit,“ segir Ólöf Snæhólm Baldursdóttir, upplýsingafulltrúi hjá Veitum. Hún bætir því við að sú vinna geti þýtt í nánni framtíð tímabundið kaldavatnsleysi á ákveðnum stöðum. Það yrði auglýst sérstaklega þegar þar að kemur.

„Það er búið að setja upp bráðabirgðasírita á svæðinu til að fylgjast með. Við biðjum íbúa líka um að láta vita ef það er eitthvað að sem má ekki rekja til skorts á ofankomu,“ segir Ólöf.

johannoli@frettabladid.is






## Laugardaginn 10. júní bjóðum við til sjóðheitrar sumarsýningar í Kauptúni og segjum ferðasumarið 2017 formlega sett.

- Meistaragrillað kjöt frá Kjötkompaníinu í boði ásamt svalandi drykkjum frá Ölgerðinni og ís frá Kjörís í eftirrétt.
- **Tíu fyrstu bílunum sem keyptir eru á sýningunni fylgir glóðvolgur ferðapakki:** Sex manna MacKenzie tjald frá Coleman, fjórir Deck útilegustólar frá Coleman og Safarica útileguborð.
- **Þrír heppnir** sem reynsluaka verða dregnir út og hljóta þriggja brennara gasgrill frá Weber.
- **Sumarbirgðir af grillkjöti** frá Kjötkompaníinu fylgja öllum bílum sem keyptir eru á sýningunni.

Komdu og sjáðu alla okkar bestu bíla – sem verða margir hverjir á safaríkum sumartilboðum – og gæddu þér á grillsnilld um leið. **20% afsláttur af bónvörum í verslun**. Við hlökkum til að sjá þig.

- Kynntu þér Toyota FLEX, nýja leið til að eignast Toyota bifreið, á www.toyota.is

**VILDARPUNKTAR ICELANDAIR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM**

5 3+2 ÁBYRGÐ

FLEX

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

VERIÐ VELKOMIN Kjötkompaní HAFNARFIRÐI

ÖLGERÐIN EGILL SKALLAGRÍMSSON

Kjörís

Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á www.toyota.is
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

# Ákveða rannsókn á Landsréttarmáli í næstu viku

**STJÓRNMÁL** Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis kemur aftur saman í næstu viku til að ákveða hvort ráðast eigi í rannsókn á skipan dómara við Landsrétt. Þetta var niðurstaða fundar nefndarinnar í gær. Fulltrúar Pírata í nefndinni, Jón Þór Ólafsson og Birgitta Jónsdóttir, fara fram á að málið verði rannsakað en þrjá nefndarmenn þarf til að knýja fram rannsókn.

„Niðurstaða fundarins var sú að taka enga ákvörðun um þá tillögu en við ætlum að skoða þetta og kalla til sérfræðinga okkar,“ segir Jón Steindór Valdimarsson, varaformaður nefndarinnar. Hann gegnir formennsku í málinu vegna þess að tengsl Brynjars Níelssonar, formanns nefndarinnar, koma í veg fyrir að hann komi að málinu.

Ástráður Haraldsson lögmaður hefur stefnt ríkinu vegna ákvörðunar dómsmálaráðherra að skipa hann ekki dómara þrátt fyrir að hafa verið metinn í hópi þeirra hæfustu.

„Eftir því sem ég best veit þá er búið að stefna málinu inn og óska eftir svokallaðri flýtimeðferð þannig að við vorum að velta fyrir okkur samspili hugsanlegra aðgerða eða vinnu nefndarinnar við dómsmál sem er í gangi. Við ætlum að hittast aftur í næstu viku og fara betur yfir það hver staða nefndarinnar er og samspil við þetta dómsmál sem er lagt af stað. Aðrar ákvarðanir voru ekki teknar,“ segir Jón Steindór. **– snæ**



**Jón Steindór Valdimarsson varaformaður og Brynjar Níelsson, formaður stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



**Fæst við svindl.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Sameiginlegur ESB-saksóknari

**EVRÓPUMÁL** Tuttugu aðildarríki Evrópusambandsins, ESB, hyggjast setja á laggirnar sameiginlegt saksóknaraembætti, EPPO. Saksóknarinn á einkum að fást við svindl með sameiginlega sjóði sambandsins.

Fulltrúi framkvæmdastjórnar ESB, Vera Jourova, vill að þáttaka í EPPO verði skilyrði fyrir greiðslu úr sjóði sem styrkir fátækari aðildarríki sambandsins. Hún segir málið ekki bara snúast um peninga, heldur traust skattgreiðenda. **– ibs**

## Lufthansa hefur heilsársflug

**VIÐSKIPTI** Þýska flugfélagið Lufthansa hefur tilkynnt að það muni bæta Keflavíkurflugvelli við sem heilsársáfangastað nú í haust. Félagið hefur síðastliðin ár flogið til Keflavíkur frá Frankfurt yfir sumartímann en mun næsta vetur fljúga þrisvar í viku milli áfangastaðanna.

Í tilkynningu frá flugfélaginu kemur fram að ástæðan sé mikil eftirspurn. Isavia hefur haft það sem markmið að fjölga flugfélögum sem fljúga til landsins allt árið og rímar það við markmið ferðaþjónustunnar um að minnka árstíðasveifluna í ferðaþjónustu.

Frankfurtflugvöllur er stór tengiflugvöllur og mun þessi viðbót Lufthansa einnig bæta tengingar frá Íslandi til fjölda áfangastaða í bæði Evrópu og Asíu í gegnum Frankfurt.

Flogið verður þrisvar í viku, á þriðjudögum, fimmtudögum og sunnudögum, frá 29. október. **– sg**

# Fjórir árásarmannanna flúðu af vettvangi eftir barsmíðarnar

Ekki er ljóst hver nákvæm dánarorsök Arnars Jónssonar Aspar er. Sex manns réðust á Arnar við heimili hans á miðvikudagskvöld. Fjölskylda hans varð vitni að því. Símtal til Neyðarlínu gefur lögreglu tilefni til að ætla að um handrukkun hafi verið að ræða. Fjölskylda Arnars þvertekur fyrir að hann hafi verið í neyslu.

**LÖGREGLUMÁL** Sex hafa verið úrskurðuð í gæsluvarðhald grunuð um að hafa orðið Arnari Jónssyni Aspar að bana á miðvikudagskvöld. Fólkið kom á tveimur bifreiðum að heimili Arnars að Æsustöðum í Mosfellsdal rétt eftir klukkan sex síðdegis, bankaði upp á og veittist að Arnari með barsmíðum og spörkum fyrir utan heimili hans.

Bráðabirgðaniðurstöður krufningar gefa ekki fullnægjandi svör við því hver dánarorsök Arnars er en hann var með mikla áverka víðsvegar um líkamann sem taldir eru hafa haft samverkandi áhrif sem leiddu til dauða hans. Á meðal áverka sem Arnar hlaut við árásina eru rifbeinsbrot, tungubein hans var brotið og þá var hann með áverka á hálsi sem benda til þess að hann hafi verið tekinn hálstaki. Það kemur heim og saman við frásögn vitna af atburðinum.

Vitni að árásinni segja Arnar hafa fallið í jörðu strax í upphafi árásarinnar en síðan komist aftur á fætur og náð sér í kústskaft úr járni sem hann notaði til að reyna að verjast fólkinu. Hann hafi meðal annars notað kústskaftið til að berja í bifreiðar árásarmannanna. Við þá mótspyrnu Arnars flúði hluti árásarmannanna af vettvangi.

Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins hélt árásin þó áfram. Vitni bera að einn hinna grunuðu, Jón Trausti Lúthersson, hafi þá náð kústskaftinu af Arnari og barið hann. Arnar hljóp þá í burtu en rann og datt á grúfu. Vitni segja að þá hafi einn hinna grunuðu, Sveinn Gestur Tryggvason, stokkið á bak Arnars og tekið hann hálstaki með vinstri hendi. Hann hafi svo barið Arnar í andlitið með hinni hendinni. Vitni að árásinni, sem Fréttablaðið hefur heimildir fyrir að séu meðal annars móðir Arnars, hafi þá öskrað á mennina að sleppa honum en þeir ekki gert það fyrr en þeir gerðu sér grein fyrir að hann var meðvitundarlaus.

Nokkur símtöl bárust Neyðarlínunni vegna árásarinnar í gær. Í einu þeirra kynnti Sveinn Gestur sig með nafni og tilkynnti að senda þyrfti sjúkrabíl að Æsustöðum. Í símtalinu má heyra þegar Sveinn leggur símann frá sér og öskrar ókvæðisorð að Arnari um fíkniefnaskuld en Arnar lá þá meðvitundarlaus á jörðinni. Í símtalinu heyrast hljóð frá Arnari sem gefa til kynna að hann hafi þá verið enn á lífi.

Samkvæmt upplýsingum blaðsins réðst Sveinn einnig á Arnar fyrir þremur vikum vegna meintrar fíkniefnaskuldar.

Fjölskylda Arnars og unnusta þvertaka fyrir að hann hafi verið í fíkniefnaneyslu. Það hafi verið liðin tíð. Ef um fíkniefnaskuld sé að ræða hljóti hún að vera frá fornu fari.

Þegar lögreglu bar að garði stóð Jón Trausti yfir hinum látna en Sveinn, sem er æskuvinur Arnars, var að reyna endurlífgun. Við gatnamót Æsustaðavegar og Röðulsvegar var Ásta Hrönn Guðmundsdóttir handtekin, en hún hafði keyrt burt á bifreiðinni sem hinir tveir komu á. Hinir þrír, Marcin Wieslaw Nabakowski, Rafal Marek Nabakowski og Rúnar Örn Bergmann, sem allir eru grunaðir um að hafa komið að árásinni, voru handteknir í bifreið á Vesturlandsvegi við Korputorg. Mennirnir fimm hafa verið úrskurðaðir í gæsluvarðhald til 23. júní en konan til 16. júní. Farið hafði verið fram á jafn langt gæsluvarðhald yfir þeim öllum. **ritstjorn@frettabladid.is**

### Handtökur fóru fram víða




**5**

**karlar hafa verið úrskurðaðir í gæsluvarðhald til 23. júní. Ein kona verður í gæsluvarðhaldi til 16. júní.**



# TAX FREE DAGAR



Verðdæmi
40.319
verð áður
49.999

Char-Broil

Með Big Easy getur þú reykt kjöt, steikt kjúkling og grillað steikur með tru-infrared hita sem gerir þér kleift að grilla í hvaða veðri sem er.



Verðdæmi 1.443 verð áður 1.790

Verðdæmi 1.282 verð áður 1.590

Verðdæmi 402 verð áður 499

Verðdæmi 2.653 verð áður 3.290

Verðdæmi 483 verð áður 599

## THE BIG EASY GRILL OG ALLIR GRILLAUKAHLUTIR

ÁN VIRÐISAUKASKATTS* DAGANA 8.-12. JÚNÍ

Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 24% virðisaukaskatt af þessari sölu.
*Verðlækkunin 19,36% er alfarið á kostnað Hagkaups.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# May tekur sætið en óvíst með þingið

**Útgönguspár benda til þess að Íhaldsflokkurinn muni bera sigur úr býtum í bresku þingkosningunum. Flokkurinn mælist þó ekki með meirihluta fyrir þingið. Verkamannaflokkurinn bætir samkvæmt spánni við sig 34 sætum, því er óvíst hver mun stjórna þinginu.**

Sæunn Gísladóttir
saeunn@frettabladid.is








Theresa May, leiðtogi Íhaldsflokksins, og Jeremy Corbyn, leiðtogi Verkamannaflokksins á kjörstað. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

**314**
sæti fékk Íhaldsflokkurinn samkvæmt útgönguspá

**34**
sætum bætir Verkamannaflokkurinn við sig á þingi samkvæmt útgönguspá

Bretar gengu að kjörborði í gær og kusu sér fulltrúa í neðri deild breska þingsins. Samkvæmt útgönguspá á vegum sjónvarpsstöðvanna BBC, ITV og Sky er Íhaldsflokknum spáð sigri með 314 sæti á þinginu en Verkamannaflokknum er spáð 266 sætum. Þegar Fréttablaðið fór í prentun voru fyrstu tölur ekki komnar.

Í síðustu tveimur kosningum hafa slíkar útgönguspár farið afar nærri endanlegum úrslitum. Útlit er fyrir að enginn flokkur verði með meirihluta á þingi og því óvíst hvort Theresa May, leiðtogi Íhaldsflokksins, verði áfram forsætisráðherra Bretlands. Hún hefur sinnt því embætti frá því að David Cameron, fyrrverandi leiðtogi flokksins, sagði af sér síðasta sumar.

Síðasta könnun YouGov benti til að Íhaldsflokkurinn myndi fá 42 prósent atkvæða en Verkamannaflokkurinn 35 prósent.

Kosningarnar voru að mörgu leyti sögulegar. Boðað var til þeirra þremur árum á undan áætlun og er talið að þær muni hafa mikil áhrif á bæði samskipti Bretlands við Evrópuríki í samningaviðræðum um útgöngu Breta úr Evrópusambandinu og samskiptin við Bandaríkjaforseta.

Þegar May boðaði til kosninga þann 18. apríl síðastliðinn mældist Íhaldsflokkurinn með gríðarlegt forskot. Þá mældist Íhaldsflokkurinn með allt að 17 prósenta forskot. Í kosningabaráttunni hefur May þó ekki náð að heilla kjósendur og hefur verið gagnrýnd fyrir áætlanir sínar í heilbrigðismálum. Corbyn hefur aftur á móti náð að heilla fólk á kosningaviðburðum og styrkt stöðu sína sem leiðtogi Verkamannaflokksins.

Búist var við skýrum niðurstöðum úr kosningunum klukkan þrjú í nótt að íslenskum tíma. Kosið verður um 650 þingmenn. Til að fá skýran meirihluta þarf stjórnmálaflokkur að ná 326 sætum. Vonir voru um að Íhaldsflokkurinn myndi bæta hressilega við sig þingsætum í þessum kosningum og vera þá með sterkari meirihluta en nú er þar sem hann er með 330 sæti. Útlit er þó fyrir að Verkamannaflokkurinn bæti við sig 34 sætum og að hann gæti náð að mynda þingsmeirihluta ásamt öðrum flokkum.

CNBC greinir frá því að ef May stendur uppi sem forsætisráðherra muni sterkt samband Bretlands við Bandaríkin líklega haldast áfram óbreytt en sigur Corbyns gæti haft í för með sér átök milli Breta og ríkisstjórnar Donalds Trump Bandaríkjaforseta.

Business Insider greinir frá því að fleiri hafi verið skráðir til að kjósa í þessum kosningum en í þingkosningunum árið 2015. Um 46,9 milljónir manna hafa skráð sig til að kjósa, en 46,4 milljónir gerðu það árið 2015.

Eitt stærsta hlutverk nýs leiðtoga Bretlands verður að leiða landið í samningaviðræðum um útgöngu úr Evrópusambandinu. Þetta mun hafa mikil áhrif á bæði efnahag Bretlands og Evrópusambandsins, sem og fólksflæði innan Evrópu.

Íhaldsflokkurinn er með mun harðari innflytjendastefnu en Verkamannaflokkurinn. Flokkurinn vill takmarka innflutning til landsins við 100 þúsund manns á ári. Til að ná því markmiði þyrfti hann að stoppa frjálst flæði fólks innan Evrópusambandsins til Bretlands en 250 þúsund manns fluttu frá því svæði til Bretlands á síðasta ári.

Vox greinir frá því að Evrópusambandið sé ólíklegt til að samþykkja þessa kröfu ef Bretland vill áfram hafa frjálsan aðgang að evrópska viðskiptamarkaðnum. Ef Bretland hefur ekki lengur aðgang að þeim markaði getur það haft skaðleg efnahagsleg áhrif bæði fyrir Bretland og Evrópusambandsríkin. May er talin sátt við þessa stöðu sem kölluð er „hard Brexit“. Corbyn aftur á móti virðist vera tilbúinn til að semja áfram um innflytjendur.

**saeunn@frettabladid.is**

FRUMSÝNING
FIAT
TIPO
HATCHBACK
Verð frá 3.190.000
Laugardaginn 10. júní
Opið frá 12 - 17
FIAT
fiat.is

5 ÁRA ÁBYRGÐ
ÍSBAND
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ
Umboðsaðili Alfa Romeo, Chrysler, Dodge, Fiat, Fiat Professional, Jeep og Ram Trucks á Íslandi - Þverholti 6
270 Mosfellsbær - s. 534 4433 - www.isband.is - isband@isband.is - Opið virka daga 10-18 - Laugardaga 12-16



Volkswagen dagurinn
á morgun milli kl. 12 og 16.
Nýr Golf frumsýndur, Sara Björk mætir og margt fleira.
Auk frumsýningar á nýjum Golf kemur Sara Björk, landsliðskona og tvöfaldur Þýskalandsmeistari, í heimsókn og áritar myndir milli kl. 12.30 og 13.30, allir Volkswagen eigendur fá fría léttskoðun, skemmtilegur leikur verður í gangi og að sjálfsögðu bjóðum við öllum upp á ís, kaffi og svalandi drykki. Komdu í HEKLU Laugavegi og gerðu þér glaðan Volkswagen dag með okkur. Hlökkum til að sjá þig!
Nýr Golf verður frumsýndur samtímis á eftirfarandi stöðum:
• Höldur Akureyri
• Bílasala Selfoss
• Hekla Reykjanesbæ
• Bílás Akranesi
FIMM ÁRA ÁBYRGÐ HJÁ HEKLU 5
Kaffitár
Valdís
Við látum framtíðina rætast.
Volkswagen
www.volkswagen.is
HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is



Forseti Íslands sendi frá sér yfirlýsingu í dag. MYND/AXEL SIGURÐARSON

# Atkvæðagreiðslan hafi verið í samræmi við lög

**STJÓRNSÝSLA** Forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson, hefur sent frá sér yfirlýsingu vegna undirskriftar hans á skipunarbréfi fimmtán dómara við Landsrétt. Forsetanum barst skipunarbréfið fyrir tveimur sólarhringum. Forsetinn tekur sérstaklega fram í yfirlýsingunni að hann hafi þurft að kynna sér málið vandlega. Hann hafi aflað staðfestingar á framvindu málsins og hvort ekki hefði verið staðið rétt að atkvæðagreiðslunni. Fól hann forsetaritara að nálgast upplýsingar frá skrifstofu Alþingis um málið.

Í greinargerð frá skrifstofu Alþingis, sem forseta barst og vitnað er til í yfirlýsingunni, kom fram að atkvæðagreiðslan hafi verið lögmæt. Ráðherra hafi lagt fram tillögur um dómarana og farið eftir lögum. Þá hafi stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd einnig lagt fram þingskjal þar sem gerð var tillaga um hvern dómara fyrir sig í tölusettum liðum. Forsetinn átti einnig samtöl við formenn og forystufólk flokkanna þar sem kom fram að þingmenn flokkanna hefðu ekki andmælt fyrirkomulagi atkvæðagreiðslunnar.

„Fyrir liggur að enginn hreyfði andmælum við því á þingfundi eða við undirbúning atkvæðagreiðslunnar að greidd yrðu atkvæði í einu lagi um alla fimmtán töluliði þingskjalsins,“ segir í yfirlýsingunni. **– eas**





RUDY PROJECT Technically Cool
Bættu árangurinn!
Íþróttagleraugu með og án styrkleika.





# Breyttar aðstæður til veiða í Andakílsá

**UMHVERFISMÁL** Allar líkur eru á að aðstæður til veiða í Andakílsá verði gjörbreyttar og erfiðar í sumar. Mun ásýnd árinnar, og ímynd hennar í huga veiðimanna, jafnframt breytast. Þetta kemur fram í bréfi Orku náttúrunnar til Umhverfisstofnunar. Þar er rakin atburðarás sem leiddi til þess að mikið af seti úr inntakslóni Andakílsárvirkjunar fór niður í farveg árinnar upp úr miðjum maí. Í fyrstu var talið að um fjögur til fimm þúsund tonn af seti hefðu farið í farveg árinnar, en sérfræðingar telja nú að magnið sé fimmtán til átján þúsund tonn.

Eiríkur Hjálmarsson, talsmaður Orku náttúrunnar, segir verkefnahóp hafa verið settan á fót undir lok maí til að meta hvaða aðgerðir skynsamlegast sé að ráðast í til þess að takmarka áhrif aurburðarins á lífríki árinnar. Hópurinn hefur gert mælingar í ánni og munu niðurstöður liggja fyrir bráðlega, að sögn Eiríks. Á grundvelli þeirra mun hópurinn ákveða hvort grípa eigi til aðgerða til að flýta fyrir að setið skolist úr ánni.



**Eiríkur Hjálmarsson, talsmaður Orku náttúrunnar**

Andakílsá framleiðir gönguseiði mest á þremur árum. Í bréfinu segir að allar líkur séu á að yngsti árgangurinn, þ.e. hrygningin síðasta haust, hafi að stærstum hluta misfarist. Þá hafi væntanlega orðið gríðarleg afföll á eldri árgöngum laxaseiða.

Fyrirtækið mun leggja sig í líma við að hreinsa ána og umhverfi hennar sem best og svo fljótt sem verða má. Fyrirtækið lýsir fullri ábyrgð á atvikinu. **– kij**

# Fundu myglu á þremur hæðum í flugturninum

**Isavia hefur varið 30 milljónum í viðgerðir á flugturninum við Reykjavíkurflugvöll eftir að myglusveppur fannst í apríl í fyrra. Framkvæmdum lýkur ekki fyrr en í haust, rúmu ári eftir að um 50 starfsmenn ríkisfyrirtækisins þurftu að flytja út.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Myglusveppur fannst á þremur af átta hæðum flugturnsins við Reykjavíkurflugvöll og hefur ríkisfyrirtækið Isavia þegar varið rúmum 30 milljónum króna í viðgerðir. Efstu tvær hæðir turnsins eru myglu- og rakalausar og hefur flugumferðarstjórn fyrir flugvöllinn verið sinnt þar síðan myglan uppgötvaðist í apríl í fyrra.

Samkvæmt skriflegu svari Isavia við fyrirspurn Fréttablaðsins standa viðgerðir enn yfir. Þeim á að ljúka í haust eða rúmu ári eftir að turninn var rýmdur. Um 50 starfsmenn fyrirtækisins þurftu þá að flytja skrifstofur sínar í viðbyggingu við flugstjórnarmiðstöð Isavia við Reykjavíkurflugvöll eða í húsnæði dótturfélagsins Tern Systems í Hlíðasmára í Kópavogi.

„Heilsa og öryggi starfsfólks er forgangsmál og þegar komnar voru niðurstöður úr sýnatöku sem sýndu að rakaskemmdir og mygla væru í húsinu var starfsfólki á skrifstofum strax fundinn nýr staður. Framkvæmdasvæðið var afmarkað svo framkvæmdir hefðu sem allra minnst áhrif á loftgæði í þeim hlutum húsnæðisins sem ósýktir voru,“ segir Guðni Sigurðsson, upplýsingafulltrúi Isavia.

Starfsfólk skrifstofu forstjóra Isavia, mannauðssviðs, hluta fjármálasviðs og deild þróunar- og stjórnunar höfðu skrifstofur í turninum. Þegar myglan var staðfest í apríl 2016 voru allir starfsmenn fyrirtækisins sendir í skoðun hjá hjúkrunarfræðingi. Ríkiskaup óskuðu í kjölfarið eftir þátttakendum í útboði á viðgerð á turninum.

„Hreinsun og viðgerðir eru framkvæmdar undir eftirliti sérfræðinga, sem veita ráðgjöf um hvernig unnt verður að gera loftgæði í skrifstofurýmum sem best. Meðal annars verður sett upp nýtt loftræstikerfi í byggingunni en það hefur einnig verið ráðist í niðurrif og hreinsun sem er lokið núna. Svo er uppsetning á kerfinu næst á dagskrá og að setja upp kerfisloft og nýtt byggingarefni fyrir það sem skipta þurfti út og var sýkt,“ segir Guðni.
**haraldur@frettabladid.is**




**Viðgerðir standa yfir í flugturninum við Reykjavíkurflugvöll, en þeim lýkur í haust. Um ár er síðan turninn var rýmdur vegna myglu.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

> Heilsa og öryggi starfsfólks er forgangsmál
>
> Guðni Sigurðsson, upplýsingafulltrúi Isavia



# Ólöglegt sælgæti á nammibar

**DANMÖRK** Skattayfirvöld í Danmörku lögðu á dögunum hald á yfir tvö tonn af ólöglega innfluttu sælgæti ætluðu fyrir nammibar í verslun á Jótlandi.

Svindl með sælgæti er farið að breiðast út um landið en áður var það aðallega stundað í Kaupmannahöfn, samkvæmt frétt danska ríkisútvarpsins.

Aðgerðir skattayfirvalda eru í samvinnu við dönsku matvælastofnunina sem kannar hvort sælgætið standist þær gæðakröfur sem gerðar eru í Danmörku. **- ibs**



**Stundum er sælgæti ólöglegt í Danmörku.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN




Menning Svíþjóðar og samfélagsleg vitund hefur mótað gjörðir okkar frá stofnun Volvo árið 1927. Frá upphafi hefur megináhersla verið lögð á fólk sem hefur leitt af sér einstakar öryggisuppfinningar og áhrifaríkar umhverfisáherslur. Uppfinningar okkar hafa sett Volvo bíla fremsta í öryggi og leitt til lágmarksáhrifa á umhverfið. Við höfum nú sett okkur enn eitt krefjandi markmiðið. Frá árinu 2020 muni enginn slasast alvarlega eða láta lífið í nýjum Volvo. Vertu í fararbroddi og veldu öryggi í fremstu röð og bíl þar sem allt hefur verið gert til að lágmarka neikvæð áhrif á umhverfið.

Brimborg | Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6 · Sími 515 7000 | Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5 · Sími 515 7050 | volvocars.is



Comey sór eið áður en fundurinn hófst. Fundarins hafði verið beðið með mikilli eftirvæntingu. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Taldi líklegt að forsetinn myndi ljúga

**Fyrrverandi forstjóri alríkislögreglunnar bandarísku mætti fyrir nefnd í gær. Kom hann þar inn á samskipti sín við Donald Trump og hvernig Rússar áttu við forsetakosningarnar í landinu í fyrra.**

**BANDARÍKIN** „Ummæli Donalds Trump og ráðgjafa hans um mig og alríkislögregluna FBI eru „hrein og klár lygi“.“ Þetta var meðal þess sem kom fram í máli James Comey, fyrrverandi yfirmanns FBI, á opnum fundi rannsóknarnefndar öldungadeildar Bandaríkjaþings í gær.

Í dag er liðinn sléttur mánuður frá því að Comey komst að því að honum hefði verið sagt upp störfum sem stjórnanda FBI. Uppsögnin kom mörgum að óvörum, meðal annars stjórnandanum sjálfum en hann frétti af henni í fjölmiðlum. Fundarins í gær hafði verið beðið með eftirvæntingu en þar bar Comey vitni um hvað átti sér stað í samskiptum milli sín og forsetans í aðdraganda uppsagnarinnar.

„Ég veit að ég var rekinn vegna einhvers sem snýr að því hvernig ég hagaði rannsókn FBI á tengslum Rússa við forsetakosningarnar í fyrra. Mér skildist á forsetanum að það setti pressu á hann og væri að angra hann,“ sagði Comey. Þótti honum það skjóta skökku við því áður hafði forsetinn tjáð honum að hann væri ánægður með störf hans hjá FBI.

Fundurinn hófst klukkan tvö að íslenskum tíma og stóð yfir í þrjár klukkustundir. Comey ávarpaði fundinn áður en nefndarmeðlimir spurðu hann spjörunum úr.

„Hvíta húsið ákvað að rægja mig og, sem er mikilvægara, að rægja FBI með því að halda því fram að stjórnun stofnunarinnar væri ábótavant. Það voru hreinar og klárar lygar og mér þykir fyrir því að starfsfólk FBI hafi þurft að sitja undir þeim,“ sagði Comey hálfklökkur í ávarpi sínu.

Stjórinn fyrrverandi var þráspurður út í minnisblöð sem hann gerði eftir samtöl sín við Donald Trump en þau voru alls níu talsins. Comey sagði að það ætti rætur að rekja til þess að hann taldi líklegt að Trump myndi ljúga um fundarefnin. Comey hafði áður átt tvö samtöl við Obama en engin minnisblöð eru til um þá fundi. Hann sagði erfiðleikum háð, en ekki útilokað, að hann gæti afhent nefndinni afrit af minnisblöðunum. Sjálfur ætti hann þau ekki. Hluta þeirra hefur verið lekið til fjölmiðla og gæti verið að sá sem það gerði, vinur Comeys, eigi þau enn í heild sinni.

„Ég held að menn ættu að hlusta á allt það sem ég er að segja. Það sem mér finnst skipta miklu máli er: Af hverju lét hann alla yfirgefa skrifstofuna? Fyrir mér sem rannsóknarlögreglumanni er það stórt mál,“ sagði Comey aðspurður um hví þingmenn ættu að trúa honum. Vísar hann þarna til atviks þar sem Trump lét Jeff Sessions, Reince Preibus og Jared Kushner yfirgefa forsetaskrifstofuna í Hvíta húsinu áður en hann ræddi rannsóknina á Flynn við Comey.

Fundurinn hafði þær jákvæðu fréttir í för með sér, fyrir forsetann, að í máli Comeys kom fram að forsetinn hefði ekki verið undir beinni rannsókn hjá FBI á þeim tíma sem hann var rekinn. Slæmu fréttirnar eru hins vegar nánast allt annað sem fram kom á fundinum.

johannoli@frettabladid.is

## Lögmaður Trumps rengir orð Comeys

Þegar Fréttablaðið fór í prentun hafði Donald Trump Bandaríkjaforseti ekki tjáð sig beint um málið. Lögmaður hans sendi þó frá sér yfirlýsingu í gær þar sem hann sagði að Donald Trump Bandaríkjaforseti krafði James Comey, þáverandi forstjóra alríkislögreglunnar FBI, ekki um hollustu. Auk þess að rengja framburð Comeys þessa efnis sakar lögmaðurinn hann um að leka „einkasamtölum“ við forsetann.

„Forsetinn sagði heldur aldrei við herra Comey: „Ég þarfnast hollustu. Ég geri ráð fyrir hollustu“ á nokkurn hátt eða að efni til,“ segir Kasotwiz sem tók einnig fram að forsetinn hefði rétt á að krefja undirmenn sína um hollustu samkvæmt frétt Washington Post.

> **Ég veit að ég var rekinn vegna einhvers sem snýr að því hvernig ég hagaði rannsókn FBI á tengslum Rússa við forsetakosningarnar í fyrra**
>
> James Comey, fyrrverandi forseti bandarísku alríkislögreglunnar FBI


# Opinn kynningarfundur

**NIÐURSTÖÐUR EFTIRLITS OG UMHVERFISVÖKTUNAR FYRIR RIO TINTO ALCAN, STRAUMSVÍK**

Umhverfisstofnun boðar til opins kynningarfundar um niðurstöður eftirlits og umhverfisvöktunar fyrir Rio Tinto Alcan, Straumsvík, **þriðjudaginn 13. júní** í Hafnarborg, klukkan 16:00.

Í starfsleyfum tiltekinna stærri fyrirtækja er kveðið á um að boða skuli til opins kynningarfundar um umhverfisvöktun og losun af völdum starfseminnar. Allir velkomnir.

## DAGSKRÁ FUNDARINS

**ÁHERSLUR OG FYRIRKOMULAG Í EFTIRLITI**
- G. Stella Árnadóttir frá Umhverfisstofnun

**NIÐURSTÖÐUR EFTIRLITS OG MÆLINGA Á LOSUN ÁLVERSINS**
- Einar Halldórsson frá Umhverfisstofnun

**NIÐURSTÖÐUR UMHVERFISVÖKTUNARINNAR**
- Nýsköpunarmiðstöð Íslands

**ERINDI**
- Guðrún Þóra Magnúsdóttir frá Rio Tinto Alcan

**UMRÆÐUR AÐ LOKNUM FRAMSÖGUM**

*Nánari upplýsingar og birting vöktunarskýrslna á umhverfisstofnun.is*

UMHVERFIS STOFNUN

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

# FLUGSTÖÐ LEIFS EIRÍKSSONAR

# 30 ÁRA



## TAKK FYRIR AÐ MYNDA
## FRÁBÆRA STEMNINGU

Í apríl voru 30 ár síðan Flugstöð Leifs Eiríkssonar var tekin í notkun. Af því tilefni efndum við til myndaleiks þar sem við báðum ykkur um ljósmyndir af ykkar minningum úr flugstöðinni okkar. Við viljum þakka ykkur öllum fyrir frábæra þátttöku, frábærar myndir og sér í lagi allar þær einlægu og skemmtilegu minningar sem þið deilduð með okkur.

**TAKK FYRIR AÐ VERA MIKILVÆGASTI HLUTINN**
AF OKKAR FERÐALAGI Í 30 ÁR.

— HLUTI AF GÓÐU FERÐALAGI

isavia

# Upphefðin



Hörður Ægisson
hordur@frettabladid.is

Það er gömul saga og ný að á Íslandi kemur upphefðin ávallt að utan. Samkvæmt nýrri skýrslu Ríkisendurskoðunar fengu erlendir ráðgjafar stjórnvalda hátt í 400 milljónir í sinn hlut vegna vinnu við áætlun um afnám hafta 2014 og 2015. Greiðslur til helstu íslensku ráðgjafanna námu um 73 milljónum. Sá margfaldi munur í launagreiðslum þarf ekki að koma á óvart enda var ávallt ljóst að það yrði kostnaðarsamt að fá erlenda ráðgjafa að verkefninu.

Upplýsingar um ráðgjafarkostnað stjórnvalda koma fram tveimur árum eftir að áætlun um afnám hafta var kynnt 8. júní 2015. Sú áætlun hefur reynst marka þáttaskil. Vandinn sem Ísland stóð frammi fyrir gagnvart slitabúunum við losun hafta var án fordæma í alþjóðlegum samanburði. Þótt aðkoma erlendra sérfræðinga geti skipt sköpum þá kalla slíkar aðstæður stundum á óhefðbundnar lausnir þar sem reynsla slíkra ráðgjafa kemur þá síður að notum. Það átti svo sannarlega við í þessu verkefni. Staðreyndin er sú, eins og allir sem til þekkja vita, að það voru sérsniðnar innlendar lausnir, útbúnar af hinum íslensku ráðgjöfum, sem skópu að lokum þá niðurstöðu sem leit dagsins ljós 2015. Hún var ekki sjálfgefin og mætti oftar en ekki mótstöðu innan stjórnkerfisins. Ef hinir erlendu ráðgjafar, ásamt íslenskum embættismönnum, hefðu fengið að ráða för þá hefði niðurstaðan orðið önnur og lakari fyrir þjóðarbúið en reyndin varð. Um þetta er engin ástæða til að deila.

Fyrstu hugmyndir kröfuhafa vorið 2015 lutu að því að skilja eftir eignir upp á 150 milljarða en fara með afganginn úr landi. Niðurstaðan varð hins vegar sú að þeir féllust á stöðugleikaskilyrði sem fólu í sér framsal eigna sem þá voru metnar á 400 milljarða – virði þeirra hefur síðan þá hækkað til muna – auk annarra ráðstafana í því skyni að hægt væri að leysa höftin. Þótt Lee Buchheit hafi sagt niðurstöðuna fordæmalausa í fjármálasögunni hafa ekki orðið nein lagaleg eftirmál af aðgerðum stjórnvalda. Ómögulegt er að setja verðmiða á þann kostnað – beinan og óbeinan – sem slík langvarandi eftirmál fyrir dómstólum hefðu haft fyrir íslenskt efnahagslíf.

Þróun efnahagsmála frá því að haftaáætlunin var opinberuð hefur verið með ólíkindum. Lánshæfismat Íslands er komið í A-flokk, erlenda staðan hefur aldrei verið betri, vextir hafa lækkað – og munu halda áfram að gera það – og þá sjáum við áður óþekktan áhuga erlendra fjárfestingarsjóða á því að fjárfesta í íslensku atvinnulífi. Að bera Ísland saman við ríki á borð við Sviss eða Noreg er ekki lengur hlægilegt. Þótt haftaáætlunin og stöðugleikaframlög séu ekki eina skýringin að baki þessari þróun þá var hún lykilatriði í því að breyta væntingum fjárfesta, fyrirtækja og almennings gagnvart framtíð hagkerfisins.

Sumir héldu því fram að með haftaáætlun stjórnvalda hefðu kröfuhafar fengið „afslátt“ af stöðugleikaskattinum og að ekki hefði verið nægjanlega langt gengið í að komast yfir eignir slitabúanna. Indefence, samtök sem áttu þátt í að koma í veg fyrir glórulausa Icesave-samninga, töldu þannig að nauðasamningar á grundvelli stöðugleikaskilyrða myndu ekki duga til að leysa greiðslujafnaðarvanda Íslands. Litið tvö ár til baka eru þær fullyrðingar í besta falli vandræðalegar.

**Hún var ekki sjálfgefin og mætti oftar en ekki mótstöðu innan stjórnkerfisins.**




## Halldór




## Frá degi til dags

**Haltur á hægri**

**Ný könnun á fylgi flokkanna í Reykjavík er sem blaut tuska í andlit Sjálfstæðismanna. Þó vissulega sé langur tími til stefnu fram að kosningum virðist engin hreyfing vera á fylgi flokksins. Könnunin er vatn á myllu þeirra sem nú undirbúa það að oddvitaskipti verði í næsta prófkjöri flokksins. Á meðan mætir oddviti Sjálfstæðismanna, Halldór Halldórsson, í viðtal í Viðskiptablaðinu og segir almenning ekki gera sér grein fyrir því hvaða flokkar skipi meirihlutann í Reykjavík. Það er enn leitandi að þeim kjósanda sem kemur til með að lesa viðtalið við Halldór og hugsa: „Þessi maður bendir réttilega á hvað við almenningur erum vitlaus. Best að greiða honum atkvæði mitt.“**

**Lífæð Lífar**

**Könnunin er ekki blaut tuska og bölmóður fyrir alla. Líf Magneudóttir, oddviti Vinstri grænna, hefur þurft að sitja undir því að innan hennar flokks sé leitað að nýjum oddvita. Könnun sem sýnir Vinstri græn rúmlega tvöfalda fylgi sitt í borginni, með 20,8 prósent, hlýtur að kveða slíkar raddir í kútinn. Kannanir fyrr á kjörtímabilinu sýndu litla sem enga hreyfingu en eftir að Líf tók við oddvitasætinu rýkur fylgið upp. Nú þarf VG bara að finna leyndarmálið á bak við stöðugleika fylgisins.**

**snaeros@frettabladid.is**

# Rauð nef skipta máli



Sigríður Víðis Jónsdóttir
upplýsingafulltrúi UNICEF á Íslandi

Dagur rauða nefsins er í dag! Rauða nefið táknar gleði og hlátur, nokkuð sem ætti að vera stór hluti af lífi allra barna – en er það því miður alltof oft ekki.

Með því að setja upp #rauttnef lýsir fólk yfir stuðningi við réttindi barna á heimsvísu og deilir þeirri sannfæringu að öll börn eigi rétt á góðu og hamingjuríku lífi, hvar í heiminum sem þau kunna að hafa fæðst. Með hjálp UNICEF og heimsforeldra hafa ótal börn um allan heim fengið næringu, vernd, menntun og heilsugæslu – fengið tækifæri á bjartari framtíð.

Allt starf UNICEF byggist á frjálsum framlögum og því er stuðningur heimsforeldra hjartað í starfseminni. Heimsforeldrar gera UNICEF kleift að bregðast samstundis við þegar neyðarástand brýst út, vera áfram til staðar fyrir börn eftir að kastljós fjölmiðla er farið annað, sinna hjálparstarfi á svæðum sem njóta engrar fjölmiðlaathygli, skipuleggja hjálparstarf til lengri tíma og beita sér á heimsvísu.

Á degi rauða nefsins vill UNICEF skemmta fólki og vekja um leið athygli á að heimsforeldrar og UNICEF berjast saman fyrir betri heimi fyrir öll börn. Á hverjum degi sést árangur af þessari baráttu – árangur sem hefur bein áhrif á börn og færir þeim von og betra líf.

Dagur rauða nefsins er skemmtun sem skiptir máli. Það er gaman að gefa og hláturinn getur lengt lífið, í bókstaflegri merkingu. Dagurinn nær hámarki með skemmtidagskrá á RÚV í kvöld þar sem grínistar, leikarar, fjölmiðlafólk og tónlistarmenn búa til ógleymanlegt kvöld. Í þættinum koma fram yfir 200 manns, auk þess sem 50 sjálfboðaliðar munu svara í símann í símaveri Vodafone. Ég hvet alla til að fylgjast með, slást í hóp heimsforeldra og njóta kvöldsins.

Um leið vil ég þakka öllum þeim fjölmörgu sem þegar eru heimsforeldrar hér á Íslandi. Þetta er fólk út um allt land og á öllum aldri – raunar skilja 98 ár á milli yngsta heimsforeldrisins og þess elsta. Hvergi eru hlutfallslega fleiri heimsforeldrar en hér á Íslandi og það er frábært!

**Allt starf UNICEF byggist á frjálsum framlögum og því er stuðningur heimsforeldra hjartað í starfseminni.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR:** Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Darkness on the Edge of Town

Í DAG



Bergur Ebbi

Þessi pistill hefst í Ameríku í brúngulum 8. áratugnum. Ímyndið ykkur djúpa gula sjöu sem þið þekkið úr períódumyndum eins og Dazed and Confused eða Virgin Suicides; iðandi amerískt moskító-úthverfasumar með síðhærðum, hassreykjandi slakkerum í köflóttum seventís-skyrtum starandi á converse skó sína þar sem þeir lötra eftir heitum gangstéttum. Við eina innkeyrsluna má sjá opinn bílskúr og ljóshærðan sólbrúnku-gæja með mottu og stælta upphandleggi í hvítum stuttermabol halda á tusku og strjúka yfir spyrnubílinn sinn: glænýjan Chevrolet Camaro Z/28, 1977 módel – með eldtungum á húddinu, og undir því urrandi 5,7 lítra V8 vél.

Ég veit ekki hvað veldur, en ég myndagúggla gamla bíla í tíma og ótíma og stari á skjáinn eins og dáleiddur. 1977 Camaro er reffilegur á að líta. Hönnunin er lítið breytt frá því fyrir olíukreppu. Þetta er sami neflangi drjólinn, sannkallaður „muscle-car“ eins og Kaninn kallaði þá. Mælaborðið er líka ærandi, það minnir á cockpit úr flugvél frá seinna stríði.

Þetta er bíll sem kyndir upp nostalgíuna í miðaldra mönnum og fær þá til að segja: „Þeir kunnu nú aldeilis að framleiða þá í gamla daga.“ Og ekki ætla ég að andmæla þeim. Ég skal meira að segja henda nokkrum spýtum í viðbót á yljandi arineldinn:

**Meistaraverk frá Michigan**

Það er funheitt síðdegi og sólin kastar fram lágum dimmgulum geislum af þeirri sort sem ljósmyndarar elska. Við erum stödd djúpt í Ameríku og djúpt í sjöunni. Í gegnum AM-útvarpið heyrist soft-rokk smellur frá hljómsveitinni Chicago.

Kransæðastíflaðir úthverfapabbar eru að kveikja upp í grillum, unglingur í Black Sabbath bol dettur af hjólabretti og hruflar sig á hné.

Í úthverfabotnlanganum eru krakkar að spila götuhokkí en með stuttu millibili þurfa þeir, eins og í Wayne's World, að færa mörkin frá því bíll þarf að aka fram hjá. Það ríkir djúp vissa hins gulnaða draums. Við erum enn þremur árum frá „Make America Great Again“ hinu fyrra, því það var jú vissulega kosningaslagorð Reagans 1980 þó tæplega fimmtíu milljón manns hafi sleppt að gúggla það.

Frá innkeyrslunni heyrist rosalegt vrúúúúmmmm-hljóð. Ljóshærði Camaro-töffarinn með upphandleggina var að starta bílnum. Vrúúmmm. Vrúúmmm. Krakkarnir í hverfinu sperra eyrun. Það er bensín að springa í 5,7 lítra meistaraverki frá Michigan. Vrúúúmmm. Hljóðið sem segir: „Got fuel to burn, got roads to drive,“ eins og Neil Young orti tólf árum síðar þó enginn viti enn fram á þennan dag, nákvæmlega hvað hann meinti.

**Keep on Rockin' in the Free World**

Hvers vegna skrifa ég pistil um ameríska úthverfastemningu árið 1977? Æi, ég veit það ekki. Ég held reyndar að fullt af fólki hafi gaman af því. Til dæmis gæjar frá Keflavík, og líklega Suðurnesjunum öllum. Auk þess liggur mér soldið á hjarta, og ég er alveg að koma að því.

Vrúúúmmm. Vrúúmmm. Camaro-kvikindið er komið af stað – úr innkeyrslunni og út botnlangann skríður það á ísköldum gönguhraða – en það er lognið á undan storminum

> **Bandaríki Norður-Ameríku! Hættið að a) segja að allt hafi verið frábært í gamla daga þegar það eru augljós sannindi að þið hafið aldrei haft það betra og b) takið ábyrgð á hlýnun jarðar og hættið að láta það vera sjálfsagt að grunnútfærslur af Toyota Camry geti reykspólað. Já, ég veit að þetta er pistill í íslensku blaði, fyrir íslenska lesendur – en ég bara get ekki orðað hneykslun mína og reiði yfir því að Bandaríkin hafi dregið sig úr Parísarsamkomulaginu öðruvísi en svona.**

enda vita allir að þar fer spyrnubíll, krúnudjásn sambandsríkisins. Mottumaðurinn gefur krökkunum letilegt hermannavink og stillir svo djúpgul skotveiðisólgleraugun af í baksýnisspeglinum.

Vrúúúmmm. Hann er rokinn. Krakkarnir skildir eftir í duftinu. Jóreykur. Tíbrá. Ofan á klósetti í úthverfi í Memphis liggur 158 kílóa kjötstykki, blátt og þrútið. Karton í hverri skúffu. Kalkúnn í hverjum skáp. Djúp sjöa. Chevrolet Camaro. 1977. Z/28. V8.

**Tölur sem Kaninn skilur**

Og nú aftur í raunveruleikann. Já, 2017. Takið af ykkur gulan nostalgíufilterinn. Ástæða þess að ég er að skrifa þetta er bara til að benda fólki á að Chevrolet Camaro, 1977 módel, Z/28 með 5,7 lítra V8, skilaði 170 hestöflum!

Það er minni kraftur en í einum hversdagslegasta og minnst spennandi bíl sem seldur er í Bandaríkjunum í dag. 2017 módelið af Toyota Camry skilar 178 hestöflum í grunnútgáfu – en hægt er að fá hann með 268 hestum. 2017 Camaro skilar á bilinu 275 til 455 hestum, eftir því hvaða vélarstærð er tekin. Með öðrum orðum:

Bandaríki Norður-Ameríku! Hættið að a) segja að allt hafi verið frábært í gamla daga þegar það eru augljós sannindi að þið hafið aldrei haft það betra og b) takið ábyrgð á hlýnun jarðar og hættið að láta það vera sjálfsagt að grunnútfærslur af Toyota Camry geti reykspólað.

Já, ég veit að þetta er pistill í íslensku blaði, fyrir íslenska lesendur – en ég bara get ekki orðað hneykslun mína og reiði yfir því að Bandaríkin hafi dregið sig úr Parísarsamkomulaginu öðruvísi en svona, og ef Macron Frakklandsforseti hefði sagt það svona hefði kannski einn til tveir af þessum fimmtíu milljónum sem kusu gyllta göltinn kannski hlustað. En nei. Predikum fyrir kórinn, í samfélagsmiðlastíl, eins og alltaf. Iss. Vrúúmmm – af ást og virðingu, eins og alltaf.





VERÐ FRÁ KR.
149.000

Það liggur þrotlaus ransóknar- og þróunarvinna á bakvið utanborðsmótora Suzuki sem skilar sér í krafti, sparneytni, áreiðanleika og endingu. Komdu við og kynntu þér úrvalið og möguleikana. Við tökum vel á móti þér

Fáðu nánari upplýsingar á suzuki.is

SUZUKI

FLUTT MEÐ EIMSKIP

Suzuki | Skeifunni 17 | Sími 568 5100

# OPNUN

# Ný Fagmannaverslun og timbursala í Kjalarv

**Fagmannaverslun Húsasmiðjunnar** opnar í dag ásamt glæsilegri timbursölu í Kjalarvogi 12-14, miðsvæðis í Reykjavík. Fagmannaverslunin er sérverslun fagmannsins, sú fyrsta sinnar tegundar á Íslandi. Þar bjóðum við upp á fyrsta flokks vörur, þjónustu og ráðgjöf sérfræðinga fyrir fagmenn og fólk í byggingaframkvæmdum. Ein glæsilegasta timbursala landsins er á sama stað þar sem þú finnur allt okkar úrval af timbri og plötum undir einu þaki.







**...MEIRA FYRIR FAGMENN!**

# MÍ DAG

## Húsasmiðjunnar

## vogi



**Afgreiðslutími:**
Virka daga: 7:30 - 18:00
Laugardaga: 10:00 - 16:00
Kjalarvogi 12-14 / 104 Reykjavík / 525 3400 / husa.is

HÚSASMIÐJAN
Fagmannaverslun

# Setjum hjartað í málið



**Bubbi Morthens**
tónlistarmaður

Yngsta dóttir mín – hún er 5 ára – hrópaði upp yfir sig öðru hvoru „oh my goodness“ þangað til ég sagði henni að prófa að hrópa „guð minn góður“ í staðinn. Og viti menn: það virkaði. Þegar henni er mikið niðri fyrir hrópar hún hátt og snjallt „guð minn góður“!

Íslenskan á undir högg að sækja þessa dagana. Tölvur, snjallsímar, bíó og sjónvarp með enskuna að vopni brjóta niður varnir íslenskunnar án erfiðleika. Æ fleira ungt fólk í tónlistarheiminum kýs að syngja á ensku en sem betur fer kjósa margir enn þá að syngja og rappa á íslensku.

Heimurinn er ekki lengur stór. Hann er í raun ekki stærri en síminn í lófa þér. Þar gerist allt. Þar eru stjórntækin enskumælandi, leikirnir, textinn, allt er á ensku. Meðan íslenskan er að berjast fyrir lífi sínu í brimboðum enskunnar hafa menn slökkt á vitanum. Það sést ekki til lands. Æ fleiri fyrirtæki í græðgisbríma kasta íslenskunni. Í veitingahúsabransanum er það að verða þannig að þjónar tala ekki íslensku, matseðlar eru á ensku, staðirnir bera ensk nöfn. Í fjármálageiranum fara fyrirlestrar fram á ensku. Það nýjasta nýja er að Flugfélagi Íslands varð brátt í brók og skírði kúkinn Air Iceland Connect. Virðingin fyrir sögunni, arfleifðinni, tungumálinu var ekki meiri hjá þessu gamalgróna fyrirtæki.

**Við verðum að snúa vörn í sókn**

Nú er sjálf okkar, innsti kjarninn, rót menningar okkar að veði. Við verðum að snúa vörn í sókn. Það er mikilvægara að setja peninga í að íslenska tölvur en að grafa göng, svo dæmi sé tekið. Hvernig væri að hin ofsaríku útgerðarfyrirtæki, sem hafa mokað milljörðum upp úr hafinu árum saman, settu ásamt íslenskum stjórnvöldum peninga í það verkefni að bjarga íslenskunni?

Við verðum líka öll að vera vakandi heima fyrir, leiðrétta börnin okkar og okkur sjálf. Það er enn þá ort á íslensku, það er enn þá sungið á íslensku, enn þá eru skrifaðar bækur á íslensku, við tölum enn þá íslensku, fréttir eru sagðar á íslensku, en hversu lengi verður það þegar hvert fyrirtækið af öðru í borginni ber enskt nafn? Þó að ferðamenn komi hingað í áður óþekktum mæli þurfum við ekki að gefa íslenskuna upp á bátinn.

Ég heyrði í útvarpinu um daginn viðtal við fólk frá Belgíu sem hafði verið á tónleikum með Ásgeiri Trausta. Hann er að túra um heiminn og eðlilega syngur hann að mestu á ensku. En fólkið sem var talað við kvartaði yfir því að hann hefði ekki sungið á íslensku. Ég heyrði að Ólafur Páll útvarpsmaður var jafn hissa og ég.

Enskan er komin á fullt í orðaforða barna okkar, fullorðið fólk slettir til hægri og vinstri, fréttafólk notar ensk orð í beinni í staðinn fyrir góð íslensk orð. Ég heyri vini barna minna nota enskuna svo mikið að það er verulegt áhyggjuefni. Við þurfum á íslenskunni að halda og íslenskan þarf á okkur að halda. Þú berð ábyrgð. Við berum ábyrgð á að tungumálið okkar lifi.

Setjum hjartað í málið.

# Orð í tíma töluð



**Hjörleifur Hallgrímsson**
eldri borgari á Akureyri

> **Ef þetta fólk fengi eftirlaun við hæfi myndi vafalaust ástandið batna því margt af því vill búa áfram í heimahúsum og sjá um sig sjálft og er margt fært um það ef það hefði mannsæmandi eftirlaun. Þá þyrfti færri hjúkrunarheimili.**

Ég er búinn að vera formaður í Félagi eldri borgara í Reykjavík í aðeins í nokkrar vikur. Mér blöskrar hvernig ástandið er. Ég skammast mín fyrir þá deyfð og áhugaleysi, sem ríkir meðal þeirra, sem ráða för og eiga að gæta velferðar og virðingar gagnvart hagsmunum eldri borgara,“ segir Ellert B. Schram í ágætri grein í Fréttablaðinu fyrir stuttu.

Og hann heldur áfram og segist ekki sjá leið til að fara með málefni eldri borgara gagnvart stjórnvöldum þar, sem undirtektir og skilningur er enginn. Þung orð.

Því má bæta hér við að einstaka alþingismaður talar um á hátíðastundum að bæta þurfi smánarleg kjör aldraðra en svo ekki meir. Og áfram heldur þetta fólk í þúsundum talið að lifa undir fátækramörkum við sult og seyru á meðan auðmenn af t.d. Engeyjarætt í ríkisstjórn velta sér í allsnægtum að öllu leyti. Það er fátt til ráða eins og Ellert bendir á og þó eru þau til en vantar samstöðu. Sbr. búsáhaldabyltingin.

Það er hálf nöturlegt til þess að vita eins og komið hefur fram hjá fyrrverandi leiðtogum eldri borgara t.d. Þórunni Sveinbjarnardóttur og Hauki Ingibergssyni að allur vandi eldri borgara verði leystur með því að byggja sem flest hjúkrunarheimili og auðvitað er það góðra gjalda vert að vissu marki. Þessu fólki virðist fyrirmunað að skilja að vandinn liggur að stórum hluta í að eldri borgarar eru á svo lágum eftirlaunum og eiga jafnvel ekki fyrir mat, lyfjum, læknisaðstoð né öðru, sem kallast mannsæmandi lífskjör.

Það eru nefnilega mýmörg dæmi um að eldra fólk, sem lagt hefur verið inn á sjúkrastofnanir hafi jafnvel vart verið hugað líf vegna næringarskorts. Hvers vegna? Það hefur ekki haft peninga til að kaupa handa sér góðan og næringarríkan mat né aðra lífsnauðsyn.

Ef þetta fólk fengi eftirlaun við hæfi myndi vafalaust ástandið batna því margt af því vill búa áfram í heimahúsum og sjá um sig sjálft og er margt fært um það ef það hefði mannsæmandi eftirlaun. Þá þyrfti færri hjúkrunarheimili. Þetta skilja m.a. ráðherrarnir og auðmennirnir þeir Engeyjarfrændur alls ekki og því fer, sem komið er.

En að lokum hvar er Grái herinn, sem stofnaður var að mér skildist til stuðnings eldri borgurum? Það lá við lúðrablæstri og söng, blaðagreinum og myndatökum í upphafi.

Svo allt hljótt.

# Að auka ójöfnuð!



**Gunnar Alexander Ólafsson**
heilsuhagfræðingur

> **Ólíkt þeim sem ákváðu hámarksþakið og eru á kjararáðslaunum, þá finnur fólk í láglaunastörfum fyrir því hve hátt hámarksþakið er og þeim ójöfnuði sem í því felst.**

Nýtt greiðsluþátttökukerfi í heilbrigðisþjónustu hefur fáa góða kosti en fleiri ókosti. Aðalkostur þess er að loks er komið hámarksþak á kostnað einstaklinga fyrir tiltekna þætti heilbrigðisþjónustu og því ber að fagna. Eins mikið gleðiefni og hámarksþakið er, er það líka stærsti ókostur kerfisins, þ.e. hve hátt það er. Hámarksþakið fyrir almenna greiðendur er um 70 þúsund krónum fyrir 12 mánaða tímabil fyrir langflesta en fyrir færri getur hann orðið um 50 þúsund á ári (fer eftir notkun síðustu sex mánaða). Fyrir fólk með lægri launatekjur er þetta kerfi einfaldlega of hátt og í raun verra en það kerfi sem gilti áður.

Kona sem fór fimm sinnum til sérfræðilæknis á ári þurfti að greiða um 37 þúsund krónur í gamla kerfinu, en í nýja kerfinu þarf hún að greiða 65.000 krónur. Af hverju er þessi mikli munur? Jú, í gamla kerfinu var hver heimsókn til sérfræðings niðurgreidd að hluta og afsláttarmörkin lágu við 35.000 krónu þak. Í nýja kerfinu fara niðurgreiðslur ríkisins ekki að tikka fyrr en fólk hefur greitt allt að 70 þúsund krónur á ári.

Í nýja kerfinu munu 45.000 einstaklingar greiða minna en áður fyrir heilbrigðisþjónustu. Því ber að fagna. Um 110 þúsund manns koma til með að greiða það sama og í gamla kerfinu. Aftur á móti munu 115 þúsund manns greiða meira í nýja kerfinu en í því gamla. Ef ríkið legði meira fjármagn til kerfisins eða m.ö.o. fleiri greiðendur (skattgreiðendur) kæmu að því, mætti auka jöfnuð í aðgengi að heilbrigðisþjónustu. Þetta er því miður ekki gert heldur er um að ræða millifærslukerfi frá þeim sem nota heilbrigðiskerfið lítið til þeirra sem nota það mikið.

**Frestun á læknisheimsóknum**

Tökum dæmi af konu sem vinnur láglaunastarf og er á leigumarkaði. Hún er með í laun um 290 þúsund (nettó 228 þúsund) á mánuði. Eftir greiðslu leigu, matar og annars er ekki mikið eftir til ráðstöfunar. Heimsókn til kvensjúkdómalæknis kostar 14.000 kr. (8.000 kr. í gamla kerfinu) sem gæti reynst brekka hjá viðkomandi ef ekki óyfirstíganleg hindrun. Almennt þurfa konur að greiða meira fyrir heilbrigðisþjónustu í nýja kerfinu en í því gamla, af þeirri einföldu ástæðu að konur nota þjónustu heilbrigðiskerfisins meir en karlmenn. Hið háa hámarksþak vinnur auk þess meira gegn konum en körlum þar sem hlutfallslega fleiri konur eru í láglaunastéttum en karlmenn. Til viðbótar þessu, þá er lyfjakostnaður fyrir utan hið nýja greiðsluþáttökukerfi og leggst hann því ofan á þessar greiðslur. Það er gagnrýnisvert hve hátt hámarksþakið er, sérstaklega í ljósi þess að rannsóknir hafa sýnt að fleiri og fleiri hafa frestað heimsóknum til læknis vegna kostnaðar. Ég óttast að enn fleiri komi til með að fresta því að fara til læknis í nýja kerfinu.

Að mínu mati er lag að lækka hámarksþak einstaklinga vegna heilbrigðiskostnaðar. Ef gera á þá heilbrigðisþjónustu gjaldfrjálsa sem þetta nýja greiðsluþátttökukerfi ríkisins nær til (komur til heilsugæslustöðva, lækna, sjúkrahúsa, göngudeildir, rannsóknir og greiningar og þjálfun) mundi það kosta ríkissjóð um sjö milljarða króna á ári. Það er verðugt markmið að stefna að. Svo skemmtilega vill til að fyrrnefnd upphæð er nánast sú sama upphæð og þeir sem eiga fjármagn í skattaskjólum, þyrftu að greiða í skatt en gera ekki í dag. Þegar hámarksgreiðslur notenda í heilbrigðisþjónustu eru orðnar þetta háar er ósanngjarnt að deila kostnaðinum á sjúklinga heldur á sá kostnaður að dreifast í meiri mæli á alla skattgreiðendur og ná til fleiri þátta heilbrigðisþjónustu eins og gert er annars staðar á Norðurlöndunum. Þannig er hægt að ná þeim jöfnuði í aðgengi að heilbrigðisþjónustu sem einkennir velferðarkerfi annarra Norðurlanda.

Ólíkt þeim sem ákváðu hámarksþakið og eru á kjararáðslaunum, þá finnur fólk í láglaunastörfum fyrir því hve hátt hámarksþakið er og þeim ójöfnuði sem í því felst.

# Er skjárinn að skelfa þig?



**Hrefna Sigurjónsdóttir**
framkvæmdastjóri Heimilis og skóla,sem stýrir SAFT netöryggisverkefninu

> **Ef foreldrar vilja að börn séu minna á netinu og í snjalltækjum þurfa þeir líka að spá í sína notkun og hvort þeir séu of mikið með nefið í tækjunum.**

Nýrri tækni fylgja tækifæri en líka áskoranir. Foreldrar standa frammi fyrir gjörbreyttu umhverfi og þurfa að huga að uppeldi á fleiri sviðum en áður. Skiljanlega vilja foreldrar leiðsögn, núna strax, en vandinn er sá að enn sem komið er er ekki til umfangsmikill rannsóknargrunnur að byggja á. Þó er unnið að því hörðum höndum víða í kapp við hraða tækniþróun og sífellt koma fram nýjar upplýsingar og aukin innsýn í heim bernskunnar á tækniöld. En þetta er snúin staða þar sem hraðinn er þess valdandi að um leið og nýjar upplýsingar birtast breytist landslagið.

**Mismunandi skjátími**

Bandarísku barnalæknasamtökin hafa nýlega endurskoðað viðmið um skjátíma og rýmkað tímann með þeim rökum að það skipti máli hvað er verið að gera með tækjunum, ekki bara hve lengi. Börn geta notað tækin í uppbyggilegum tilgangi og það tekur vissulega tíma, t.d. að sinna heimaverkefnum eða leita sér þekkingar, þróa færni o.s.frv. Nám fer líka fram í gegnum leik. Það sem þarf að horfa á í þessu samhengi er hvernig barninu vegnar og þá er gagnlegt fyrir foreldra að spyrja sig spurninga eins og:

Er barnið mitt líkamlega heilbrigt og fær það nægan svefn?

Á barnið mitt í góðum félagslegum tengslum við fjölskyldu og vini?

Hvernig er námsáhugi og námsárangur? Hefur barnið áhuga á að ná árangri í námi?

Stundar barnið mitt áhugamál eða sinnir tómstundum?

Nýtur barnið sín með sinni miðlanotkun? Finnst því t.d. gaman og er það að læra eitthvað þegar það notar tækin?

Ef svörin við þessum spurningum eru á jákvæðum nótum þá er barnið í góðum málum og rétt er að nefna að flest börn eru í góðum málum þó svo aukning hafi orðið í vandamálum tengdum skjánotkun samfara aukinni tækninotkun. En er þá engin ástæða til að hafa áhyggjur?

**Allur er varinn góður**

Vissulega ber að taka alvarlega vísbendingar um aukinn vanda barna og ungmenna í tengslum við tækninotkun. Aukinn fjöldi skjólstæðinga sálfræðinga og geðlækna með alvarlegan vanda í tengslum við net- og tækjanotkun er staðreynd sem ber að gefa gaum. Mikilvægt er fyrir foreldra að kynna sér vel þá pytti sem börn geta stigið í þegar þau fóta sig eftir tækniveginum svo hægt sé að varast þá. Eitt það mikilvægasta er að kenna börnum gagnrýna hugsun svo þau geti sjálf sett sér reglur og slegið varnagla. Einnig er mikilvægt að byggja upp traust í samskiptum svo líklegra sé að börn leiti til foreldra þegar þau lenda í vanda. En líkt og finna má fjölbreytni í skjátíma þá eru börn margbreytilegur hópur. Skjánotkun ungra barna fellur t.a.m. ekki undir sömu viðmið og þeirra sem eldri eru.

**Skjánotkun ungra barna**

Um þessar mundir vinnur SAFT í samstarfi menntavísindasvið HÍ og HA að rannsókn á miðlanotkun ungra barna. Barnakönnun fyrir 0 til 8 ára er farin af stað og er hún unnin að norrænni fyrirmynd. Gagnasöfnun er langt komin og ættu fyrstu niðurstöður að verða klárar næsta haust. Markmiðið er að framkvæma slíka könnun reglulega, helst með tveggja ára millibili, því það er mikilvægt að kortleggja þessa hluti. Sífellt yngri börn hafa greiðan aðgang að tækni. Einnig er unnið að könnun fyrir aldurshópinn 9 til 17 ára og þar er tekið mið af eldri SAFT könnunum og EU Kids Online og Global Kids Online könnunum. Sú könnun verður framkvæmd víða um Evrópu og í framhaldinu á heimsvísu næsta vetur.

**Foreldrar eru fyrirmyndir**

Ef foreldrar vilja að börn séu minna á netinu og í snjalltækjum þurfa þeir líka að spá í sína notkun og hvort þeir séu of mikið með nefið í tækjunum. Ný rannsókn bendir til að foreldrar sem sífellt tékka á farsímum gætu alið upp börn með styttri athyglisspönn. Þetta á eftir að skoða betur en vísbendingar eru fyrir hendi. Setja þarf einfaldar umgengnisreglur sem öll fjölskyldan fer eftir. Til dæmis um að hafa ekki síma eða tölvur við matarborðið, ekki í svefnherbergjum á háttatíma o.s.frv. Þetta er einfalt og gagnlegt og því fyrr sem viðmið eru sett því betra. Þá er ramminn skýr og uppalendur eru með áætlun.

Rætt er um tækja- og netnotkun í Foreldrasáttmála Heimilis og skóla sem hvetur bekkjarforeldra til að sammælast um viðmið og hefur sáttmálinn reynst foreldrum og kennurum vel. Heilbrigð skynsemi er sjaldan ofmetin og einnig er mikilvægt að taka mið af aldri barna og forsendum til að höndla tæknina sem er iðulega hönnuð til að krækja í athygli. Verum óhrædd við að ala börnin okkar upp. Líka á netinu.

LAVA
www.lavacentre.is

# OPIÐ HÚS ALLA HELGINA



Verið velkomin á eina heitustu sýningu landsins hjá Lava – Eldfjalla- og jarðskjálftamiðstöð Íslands á Hvolsvelli helgina 9.–11. júní. Aðgangur ókeypis.

**Skráning fer fram á**
**lavacentre.is/opidhus**





**Eldhjarta Íslands**
Upplifðu öflugasta hluta kvikuuppstreymisins undir Íslandi á lifandi og skemmtilegan hátt.



**Jörðin skelfur**
Hvernig er að vera staddur í miðjum jarðskjálfta? Þú kemst að því innan skamms!



**Eldgos á Íslandi**
Skoðaðu eldgos síðustu aldar á gagnvirkan máta, þar sem áhorfandinn hefur áhrif á sýninguna.

basalt arkitektar · PINGVANGUR · FERIS · GAGARIN · EFLA · IRMA · KATLA MATHÚS · RAMMAGERDIN Iceland Gift Store

FRÉTTABLAÐIÐ SPORT



Blikinn Ingibjörg Sigurðardóttir komst vel frá sínu í fyrsta landsleiknum. Hér á hún í höggi við hina írsku Katie McCabe. MYND/HAFLIÐI BREIÐFJÖRÐ

# Fengum virkilega flott svar

**Ísland og Írland gerðu markalaust jafntefli í vináttulandsleik á Tallaght vellinum í Dublin í gær. Landsliðsþjálfarinn var ánægður með hvernig íslensku stelpurnar svöruðu fyrir skellinn gegn Hollandi í apríl.**

**FÓTBOLTI** Ísland magalenti í síðasta landsleik og tapaði 4-0 fyrir Hollandi. Íslensku stelpurnar voru ólíkar sjálfum sér í leiknum gegn Hollendingum en landsliðsþjálfarinn Freyr Alexandersson sagðist hafa kannast betur við sínar stelpur í leiknum í gær.

„Auðvitað var þetta barningur þar sem þær hættu mjög snemma að þora að spila og fóru í langa bolta. Svo fengu þær ótrúlega mikið af ódýrum aukaspyrnum og öll löngu innköstin. Við áttum von á því og það var gott að fá að slást og berjast. Við vorum með allt á hreinu og stóðumst það próf upp á 10. Ég var hrikalega ánægður með það,“ sagði Freyr í samtali við Fréttablaðið.

Það hellirigndi í Dublin í gær og völlurinn var erfiður viðureignar. Að sögn Freys reyndu íslensku stelpurnar þó að halda boltanum á jörðinni og spila honum á milli sín.

„Þrátt fyrir úrhelli og þungan og erfiðan völl þorðum við að spila. Við lögðum upp með að halda boltanum jafn vel innan liðsins og gegn jafn sterkum andstæðingum og Írum,“ sagði Freyr.

„Við fengum á okkur fjögur mörk í Hollandi og litum ekki út sem liðsheild. En krafturinn, hugarfarið og varnarleikurinn í öllum stöðum vallarins var framúrskarandi í dag. Ég þurfti að sjá það í dag [í gær]. Þetta svar var virkilega flott.“

Að sögn Freys hefði íslenska liðið átt að vinna leikinn í gær. Löglegt mark var dæmt af Íslendingum sem fékk svo bestu færin í leiknum. Hallbera Guðný Gísladóttir fékk úrvalsfæri í fyrri hálfleik og í þeim seinni voru Katrín Ásbjörnsdóttir og Berglind Björg Þorvaldsdóttir nálægt því að skora.

„Eins og ég sagði fyrir leikinn var ég að horfa á frammistöðuna og ég var ánægður með hana. En það er alltaf gott að vinna. Við fengum tvö dauðafæri í seinni hálfleik sem við áttum að klára. Það er kannski það eina sem ég er ósáttur við en spilamennskan í aðdraganda færanna mjög góð,“ sagði Freyr.

Ingibjörg Sigurðardóttir, 19 ára leikmaður Breiðabliks, var í byrjunarliði í sínum fyrsta landsleik og lék allan tímann í vörninni. Freyr kvaðst ánægður með frammistöðu Ingibjargar í leiknum í gær.

„Ég var búinn að ákveða að hún tæki þátt í þessum leik, bara ekki hversu mikið. Anna Björk [Kristjánsdóttir] fékk tak í náranna daginn fyrir leik og fyrst Ingibjörg var klár treysti ég henni. Hún er nógu góð til að spila og ég var mjög ánægður með hennar frammistöðu,“ sagði Freyr.

Hin 17 ára Agla María Albertsdóttir fékk tækifæri í byrjunarliðinu í sínum þriðja landsleik.

> Ég held að við höfum aldrei haldið boltanum jafn vel innan liðsins gegn jafn sterkum andstæðingum.
>
> Freyr Alexandersson

„Mér fannst hún koma mjög vel út úr leiknum,“ sagði Freyr. „Það hefði hentað henni mjög vel að geta farið einn á einn en það var erfitt að rekja boltann vegna aðstæðna. En hún gerði það nokkrum sinnum og fíflaði þær alveg upp úr skónum. Hugarfarið hennar er virkilega gott og hún pressar alltaf af fullum krafti og vinnur á við tvo. Okkur líkar gríðarlega vel við það auk þess sem hún hefur þessa náttúruhæfileika til að geta unnið leiki.“

Ísland spilaði leikkerfið 3-4-3 í gær en Freyr hefur gefið það út að íslenska liðið muni spila það á stóra sviðinu í Hollandi.

Hallbera var á sínum stað í stöðu vinstri vængbakvarðar en hægra megin var miðjumaðurinn Gunnhildur Yrsa Jónsdóttir. Að sögn Freys leysti Gunnhildur þessa nýju stöðu með sóma.

„Hún hefur alla eiginleika til að spila þá stöðu. Hún er sennilega ein af þremur í liðinu sem hefur mestu hlaupagetuna. Hún getur farið upp og niður kantinn allan leikinn. Hún er líka gríðarlega sterk í loftinu og er ógnandi þegar hún mætir á fjærstöng,“ sagði Freyr.

Dagný Brynjarsdóttir kom ekkert við sögu í leiknum í gær. Hún hefur glímt við erfið meiðsli á undanförnum mánuðum en er að komast aftur á ferðina og lék m.a. með félagsliði sínu, Portland Thorns, um síðustu helgi. Freyr segir þó ólíklegt að Dagný spili leikinn gegn Brasilíu á þriðjudaginn kemur.

„Eins og staðan er núna eru minni líkur á því en meiri. Það þýðir samt ekki að það sé komið bakslag hjá henni. Hún hefur æft af fullum krafti með okkur. Völlurinn var gríðarlega þungur og erfiður og við erum með samkomulag við Portland um að hugsa vel um hana og reyna að takmarka mínúturnar hennar. Ég reikna ekki með að hún spili á móti Brasilíu,“ sagði Freyr.

Landsliðsfyrirliðinn Margrét Lára Viðarsdóttir missti af leiknum í gær vegna meiðsla. Freyr segir að það komi betur í ljós þegar heim er komið hvort Margrét Lára geti tekið þátt í leiknum gegn Brasilíu.

„Hún fer í myndatöku þegar við komum heim til að fullvissa okkur um að allt sé rétt greint. Þetta kemur í ljós á laugardagsmorgun þegar við fáum niðurstöður úr myndatökunni,“ sagði Freyr að lokum.

ingvithor@365.is

## Nýjast

**Inkasso-deildin**

**Fram - Þór 1-3**
0-1 Jónas Björgvin Sigurbergsson (6.), 0-2 Jóhann Helgi Hannesson (27.), 0-3 Jóhann Helgi (47.), 1-3 Högni Madsen (81.).

**HK - Þróttur 0-1**
0-1 Sveinbjörn Jónasson, víti (40.).

**Grótta - ÍR 1-2**
0-1 Már Viðarsson (23.), 1-1 Aleksandar Alexander Kostic (25.), 1-2 Már (90.).

**TAP FYRIR SILFURLIÐINU**
Íslenska karlalandsliðið í handbolta tapaði 36-30 fyrir því norska á Gjensidige Cup, fjögurra liða æfingamóti í Noregi í gær. Marga sterka leikmenn vantar í íslenska liðið sem var alltaf í eltingarleik í leiknum í gær. Staðan í hálfleik var 19-15, Norðmönnum, silfurliðinu frá HM í janúar, í vil. Ómar Ingi Magnússon var markahæstur hjá Íslandi með átta mörk. Ólafur Guðmundsson kom næstur með sex. Íslensku markverðirnir vörðu samtals 13 skot. Ísland mætir Póllandi í öðrum leik sínum á mótinu klukkan 14.30 í dag.

**EKKI SÁ LEIÐINLEGASTI**

Landsliðsmaðurinn Ragnar Sigurðsson er afar spenntur fyrir leiknum stóra gegn Króatíu. „Þetta er mikil áskorun fyrir okkur enda hefur okkur ekki tekist að vinna þá. Við þolum ekki að tapa,“ segir Ragnar sem fær að glíma við framherjann sterka, Mario Mandzukic, á nýjan leik. „Það er ekkert spes við hann þannig séð. Þetta er bara flottur, frægur og góður leikmaður. Ég hef nú alveg spilað á móti betri mönnum en honum. Ég hef oft spilað á móti hrokafyllri og leiðinlegri leikmönnum. Ég hef ekkert út á hann að setja enda hefur hann ekki verið með nein leiðindi í minn garð. Ég ber ágætis virðingu fyrir honum.“

**AFTURELDING TIL EVRÓPU**
Afturelding tekur þátt í Evrópukeppni í handboltanum næsta vetur. Þetta staðfestir Ásgeir Sveinsson, formaður meistaraflokksráðs Aftureldingar, við Mosfellingur.is. Afturelding mun fara í EHF-bikarinn en liðið fær þátttökurétt í honum fyrir að lenda í 2. sæti í bikarkeppninni. Valsmenn unnu bikarkeppnina en urðu líka Íslandsmeistarar og geta því farið í Meistaradeildina. EHF-bikarinn er næststærsta Evrópukeppnin og talsvert sterkari en Áskorendabikarinn sem Valsmenn tóku þátt í nýliðna leiktíð með frábærum árangri.


## Í dag

| | | |
|---|---|---|
| 17.30 | Manulife LPGA | Golfstöðin |
| 18.35 | Lettland - Portúgal | Sport 2 |
| 18.35 | Eistland - Belgía | Sport 3 |
| 18.35 | Svíþjóð - Frakkland | Sport |
| 20.00 | FedEx St Jude | Golfstöðin |
| 20.45 | HM markasyrpa | Sport |
| 21.15 | Teigurinn | Sport |
| 22.15 | 1 á 1 með Gumma Ben | Sport |
| 01.00 | Cleveland - G. State | Sport |

**Inkasso-deildin:**
19.15 Leiknir R. - Selfoss

# GRILLVEISLA
## MÚRBÚÐARVERÐ

20% AFSLÁTTUR



**Kaliber KG-1301 Gasgrill**
3+1 brennarar/hliðarhella
grillflötur 252,0 cm², 11,5KW
**Áður kr. ~~43.400~~**
**34.690**

25% AFSLÁTTUR

Kaliber PREMIUM GRILL

**Kailber Ferðagasgrill**
2x2,5KW brennarar, grillflötur
196,0cm², 5KW, vagn fylgir
**Áður kr. ~~29.980~~**
**22.390**



Flott í ferðalagið



20% AFSLÁTTUR

**Kailber KG-1503**
**Gasgrill** 3x3KW brennarar,
grillflötur 252,0 cm², 9KW
**Áður kr. ~~39.900~~**
**31.890**



20% AFSLÁTTUR

**Kailber KG-KG-2**
**Gasgrill** 4x3,5KW brennarar,
grillflötur 303,6 cm²,14KW
**Áður kr. ~~52.880~~**
**42.290**



20% AFSLÁTTUR

**Áður kr. ~~59.980~~**
**47.980**
**Kailber AG1125**
**Gasgrill** 5x3,5KW brennarar,
grillflötur 815x460 mm, 17,5KW

Grillbursti
**380**
**Áður kr. ~~480~~**





**Grillyfirbreiðsla**
fyrir c120 cm breið grill
**3.980**



Grilláhöld, 3 stk. í setti
**990**
**Áður kr. ~~1.390~~**



20% AFSLÁTTUR

**MOWER**
**bensín sláttuorf**
Vél 0,7KW 31CC
Skurðarbreidd
255 > 480mm
**17.590**
**Áður kr. ~~21.990~~**

20% AFSLÁTTUR

**31.990**
**Áður kr. ~~39.990~~**

CE/GS VOTTUN

**MOWER CJ18**
BS 3,5hp Briggs&Stratton
mótor, rúmtak 125 CC,
skurðarvídd 46cm/18".
Safnpoki að aftan 60 L,
skurðhæð og staða
25-85mm/8



BRIGGS & STRATTON ®

20% AFSLÁTTUR

**50.390**
**Áður kr. ~~62.990~~**

**MOWER CJ20**
Sláttuvél m/drifi, BS 6,0 hp
Briggs&Stratton mótor. Rúmtak
150 CC, skurðarvídd 51cm/20",
sjálfknúin 3,6 km/h, safnpoki
að aftan 65 L, hliðar
útskilun, skurðhæð og
staða 25-75mm/8



20% AFSLÁTTUR

**Lavor One Plus 130**
**háþrýstidæla**
130 Max bar
420 l/klst.
Fylgihlutir: Burstar,
sápubrúsi
& Turbóstútur.
**Áður kr. ~~12.490~~**
**9.990**



20% AFSLÁTTUR

**Lavor Galaxy 140**
**háþrýstidæla**
140 Max bar
450 l/klst.
1900KW
**Áður kr. ~~17.990~~**
**14.390**



| | | |
|---|---|---|
| **Reykjavík** | Kletthálsi 7. | Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-16 |
| **Reykjanesbær** | Fuglavík 18. | Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-14 |
| | Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is | |

Meiri gæði / Lægra verð / MÚRBÚÐIN

MÚRBÚÐIN
Gott verð fyrir alla, alltaf!

Tilboð á sláttuvélum gildir til 10/6. Önnur tilboð í auglýsingunni gilda til 19/7




Alfreð Finnbogason er mættur aftur í bláa búninginn eftir fjarveru í vetur vegna meiðsla. Hann ætlar að láta til sín taka gegn Króatíu á sunnudag. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Ekki sjálfgefið að fá að spila fótbolta

Alfreð Finnbogason segist hafa lært mikið af því að hafa þurft að sitja á hliðarlínunni í hálft ár vegna meiðsla í vetur. Hann er nú heill heilsu og ætlar að láta til sín taka í landsleiknum gegn Króatíu á sunnudag.

Eiríkur Stefán Ásgeirsson
eirikur@365.is



**FÓTBOLTI** Alfreð Finnbogason er kominn aftur á fullt eftir að meiðsli settu hann á hliðarlínuna í hálft ár í vetur. Alfreð meiddist í nára í leik Íslands og Tyrklands í undankeppni HM 2018 í byrjun október og spilaði hann ekki með Augsburg, liði sínu í Þýskalandi, á ný fyrr en í apríl.

Alfreð missti á meðan af leikjum Íslands gegn Króatíu og Kósóvó ytra en er nú kominn aftur í liðið. Líklegt verður að teljast að hann verði í byrjunarliði Íslands á sunnudag, líkt og hann gerði í fyrstu þremur leikjum Íslands í undankeppninni. Alfreð skoraði í öllum þremur leikjunum áður en hann meiddist.

„Það er gaman að hafa komist aftur af stað áður en tímabilinu lauk í Þýskalandi og átt þátt í því að liðið náði að halda sér uppi. Þetta er það sem maður sá fyrir sér í allan vetur og það hafðist,“ sagði Alfreð við Fréttablaðið fyrir æfingu íslenska landsliðsins á Laugardalsvelli í gær. Alfreð hafði misst af fyrstu æfingum vikunnar þar sem hann var með ælupest en var búinn að hrista hana af sér.

### Fékk góðan stuðning

Alfreð neitar því ekki að það hafi stundum verið erfitt að sætta sig við hlutskiptið á meðan á endurhæfingunni stóð og að það hafi verið erfitt að komast í gegnum hana.

„Á milli komu erfið augnablik og maður skilur vel þegar menn eru að takast á við andleg vandamál þegar þeir glíma við meiðsli. Þetta er eitthvað sem maður spáði lítið í áður en nú kann maður betur að meta það sem maður gerir. Það er ekki sjálfgefið að fá að spila fótbolta,“ segir Alfreð og bætir við að hugarfarið hafi haft mikið að segja, sem og aðstoð utanaðkomandi aðila.

„Maður þurfti að koma sér í einhvers konar ofurjákvæðan gír og þá er mikilvægt að hafa gott fólk í kringum sig. Ég fékk hjálp, bæði frá félaginu og frá fólki sem hafði reynslu af því að vera lengi frá vegna meiðsla.“

Alfreð fann ekki fyrir neinum almennilegum bata um langt skeið og segir að það hafi verið erfitt.

„Eftir þrjá mánuði var ég enn með verki við allt það sem ég gerði. Þá spyr maður sjálfan sig hvað maður sé að gera rangt. En félagið veitti mér góðan stuðning og ég fékk að gera það sem ég vildi og taldi best. Ég vissi alveg að ég myndi fá að spila fótbolta aftur en þetta var langt og leiðinlegt ferli. Maður verður bara að hugsa um þetta eins og hverja aðra reynslu – og muna að það er stutt í góðu tímana. Þannig kemst maður í gegnum þetta.“

### Króatía ofarlega í huganum

Framherjasveit íslenska landsliðsins hefur orðið fyrir talsverðum skakkaföllum síðan á EM í Frakklandi síðasta sumar. Kolbeinn Sigþórsson hefur ekkert spilað vegna meiðsla og Eiður Smári Guðjohnsen er enn án félags. Meiðsli Alfreðs komu því sérstaklega illa við íslenska landsliðið í vetur.

Gylfi Þór Sigurðsson og Jón Daði Böðvarsson spiluðu sem fremstu menn gegn Króatíu í nóvember en þeir Björn Bergmann Sigurðsson og Viðar Örn Kjartansson voru í byrjunarliðinu í 2-1 sigri á Kósóvó í mars. Jón Daði var þá óvænt á meðal varamanna.

Líklegt er Alfreð snúi aftur í byrjunarliðið á sunnudag og að Jón Daði verði með honum í fremstu víglínu, líkt og í 2-0 sigrinum á Tyrklandi í október en Ísland lék frábærlega í þeim leik og yfirspilaði andstæðing sinn, sérstaklega í fyrri hálfleik.

„Það er alltaf erfitt að missa af landsleikjum,“ segir Alfreð. „Í allan vetur var ég með þennan leik gegn Króatíu í huga. Ég veit ekki af hverju en hann var manni alltaf ofarlega í huga. Og nú er hann kominn og ég held að þetta verði geggjaður leikur. Þetta er toppslagur í riðlinum og vonandi tekst okkur að fá sömu stemningu í liðið og var gegn Tyrklandi. Við vissum frá fyrstu mínútu að við værum að fara að vinna þann leik. Við vorum með hann í okkar greipum,“ segir framherjinn.

### Fáum svör á sunnudag

Eftir 2-0 tap gegn Króatíu og 2-1 sigur á Kósóvó þar sem okkar menn þóttu sleppa ágætlega eftir misjafna frammistöðu segir Alfreð erfitt að meta það hvort liðið þurfi að finna taktinn aftur.

„Við höfum vissulega lent í óvenjumörgum skakkaföllum sem við erum ekki vanir og það hefur reynt á breiddina í hópnum. Við höfum þurft að standast nokkrar prófraunir en við höfum komist í gegnum þær. Fólk gleymir kannski að við erum í frábærri stöðu í riðlinum með tíu stig eftir fimm leiki. Það væri góð staða í hvaða riðli sem er í undankeppninni,“ segir Alfreð.

„Við höfum alltaf stefnt á efstu tvö sætin og ef við endum með 20 stig er ég nokkuð viss um að það muni duga til þess. Nú byrjar seinni umferðin í þessum riðli og það vill svo til að við byrjum á erfiðasta leiknum. Ég tel því að þessi leikur muni örugglega svara nokkuð mörgum spurningum um framhaldið og stöðu liðsins,“ segir Alfreð.



> Maður skilur það vel þegar menn eru að takast á við andleg vandamál þegar þeir glíma við meiðsli.
>
> Alfreð Finnbogason

### Svekkjandi eftir langa bið

Sem fyrr segir var Alfreð iðinn við að skora með landsliðinu í upphafi undankeppninnar og er enn markahæsti leikmaður íslenska liðsins í henni með þrjú mörk. Aðeins einn leikmaður hefur skorað fleiri mörk í riðlinum og það er framherji Juventus og króatíska landsliðsins, Mario Mandzukic. Hann hefur skorað fjögur mörk til þessa.

„Það var svekkjandi að þurfa að stíga til hliðar eftir þessa góðu byrjun,“ segir Alfreð og vísar í meiðsli sín í vetur. „Mér fannst að ég hefði nýtt tækifærið vel, tækifæri sem ég fékk eftir langa bið á hliðarlínunni með landsliðinu. En eins og alltaf þegar það kemur að landsliðinu þá er markmið mitt að hafa áhrif og eins og allir þá vil ég spila. Ég er mjög spenntur fyrir þessum leik – mjög spenntur.“

### Fann að mín var saknað

Alfreð segist ánægður með félagsliðaferil sinn en hlutirnir gengu ekki að óskum hjá honum eftir að hann yfirgaf hollenska liðið Heerenveen árið 2014 og gekk í raðir Real Sociedad á Spáni.

Þaðan var hann lánaður til Olympiacos í Grikklandi en hann fann loksins félag þar sem honum leið vel þegar hann fór til Augsburg í Þýskalandi. Hann sér ekki fram á annað en að vera þar áfram.

„Það er ekki sjálfgefið að fara í félag þar sem maður getur orðið lykilmaður á stuttum tíma og spilað alla leiki. Ég fann það líka í meiðslunum að mín var saknað. Sú staða er ekki sjálfgefin og ég get ekki sagt annað en að mér líði vel hjá Augsburg.“




# GARÐPLÖNTU VEISLA

**Hortensía í 17 cm potti**
**3.490kr**
~~4.990kr~~

**Stjúpur 10 stk**
**990kr**
~~1.790kr~~

Blómstrandi garðplöntur á ótrúlegu tilboði á meðan birgðir endast



-28%
Birkikvistur, 30-40 cm
**1.990kr**
~~2.790kr~~



-33%
Hansarós
**1.990kr**
~~2.990kr~~



Gljámispill 30-40 cm
**990kr**
~~1.490kr~~



Sýpris 80-100 cm
**990kr**
~~1.990kr~~



-29%
Geislasópur
**2.390kr**
~~3.390kr~~



-25%
Hengimispill 30-40 cm
**1.990kr**
~~3.990kr~~



-29%
Sunnukvistur 30-40 cm
**1.990kr**
~~2.990kr~~



-33%
Blátoppur 30-40 cm
**1.990kr**
~~2.990kr~~

FRÉTTABLAÐIÐ

# TÍMAMÓT

9. JÚNÍ 2017 FÖSTUDAGUR



†

Hjartans þakkir til ættingja og vina fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærrar móður okkar, ömmu og langömmu,

**Pálínu Eggertsdóttur**

Hvassaleiti 58.

Sérstakar þakkir fær starfsfólk á dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund fyrir einstaklega hlýja og ástríka umönnun.

**Ástríður Ebba Arnórsdóttir**
**Stella Valgerður Arnórsdóttir**
**Andri Steinþór Björnsson**
**barnabörn og langömmubörn.**



†

Okkar yndislega og fallega,

**Ester Eva Hall**

lést 2. júní á Mount Auburn Hospital í Boston.

**Spencer Hall**
**Óðinn Alexander og Viktor Þór synir þeirra**
**Rósella Mosty** **Ágúst Gunnarsson**
**Gunnar Gunnarsson**
**Aníta Mist, Tanya Líf og Sara Dís**



†

Ástkær faðir okkar, stjúpfaðir, tengdafaðir og afi,

**Pétur Ó. Rafnsson**

lést á heimili sínu miðvikudaginn 7. júní sl. Útförin fer fram frá Neskirkju miðvikudaginn 14. júní kl. 13.00.

**Harpa Þórunn Pétursdóttir** **Tinna Pétursdóttir**
**Björn Ársæll Pétursson** **Arnar Már Ólafsson**
**Sólveig Kristjánsdóttir**
**og fjölskyldur.**



†

Móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**Jensey Stefánsdóttir**

**(Eyja)**

Dalbraut 20,

lést á Landspítalanum 2. júní síðastliðinn. Útförin fer fram frá Áskirkju þriðjudaginn 13. júní kl. 13. Blóm og kransar eru vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vildu minnast hennar er bent hjartadeild Landspítalans.

**Edda Agnarsdóttir** **Birgir Þór Guðmundsson**
**Kjartan Agnarsson**
**Kolbeinn Agnarsson** **Ljósbrá Guðmundsdóttir**
**Hlín Agnarsdóttir**
**Gyða Agnarsdóttir** **Guðjón Aðalsteinsson**
**Ari Agnarsson** **Védís Guðjónsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

Okkar kæra

**Hanna Helgadóttir**

Skjóli,
áður til heimilis Hjarðarhaga 64,

er látin.
Útför hennar verður gerð frá Dómkirkjunni mánudaginn 12. júní 2017 kl. 13.00.

**Aðstandendur.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is**.

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5000.



**Helga Hjörvar, fyrrverandi alþingismanni, finnst alltaf ótrúlega skemmtilegt að eiga afmæli.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Fagnar fimmtugsafmæli á seglskútu á Adríahafi

**Helgi Hjörvar fagnar 50 ára afmæli í dag. Helgi er á ferðalagi um Evrópu með dóttur sinni og mun halda upp á daginn á seglskútu. Þegar heim verður komið mun hann svo gera sér glaðan dag með fjölskyldunni í tilefni afmælisins enda er hann mikið afmælisbarn í sér.**

Alþingismaðurinn fyrrverandi Helgi Hjörvar fagnar stórafmæli í dag en hann er 50 ára. Þegar blaðamaður náði tali af Helga í gær var hann staddur í París. „Helena dóttir mín fékk Evrópuferð í fermingargjöf og þar sem konan mín þurfti að vera í vinnunni fékk ég að vera fylgdarmaðurinn. Þetta hefur verið dásamlegt, við erum búin að vera í viku,“ segir Helgi sem var á leið í flug yfir til Króatíu.

„Við kíkjum þar í heimsókn til frænku hennar og förum á seglskútu út á Adríahafið. Þannig að þar verður afmælisdagurinn, einhvers staðar á öldum suður af Dubrovnik.“

**Þannig að þar verður afmælisdagurinn, einhvers staðar á öldum suður af Dubrovnik.**

Helgi stefnir svo á að gera sér glaðan dag í faðmi fjölskyldunnar þegar heim er komið og halda aftur upp á afmælið. Hann kveðst vera mikið afmælisbarn í sér. „Já, mér finnst alltaf ótrúlega skemmtilegt að eiga afmæli og vera boðinn í afmæli. Það er alltaf skemmtilegt að fagna lífinu.“

Þessi mánuður verður viðburðaríkur hjá Helga og fjölskyldu því ekki er nóg með að hann fagni stórafmæli heldur eru bæði elsta dóttir hans, Hildur, og eiginkona hans, Þórhildur, að útskrifast úr meistaranámi frá Háskóla Íslands. „Fullt af hlutum til að fagna,“ segir Helgi.

Spurður út í hvort það sé eitthvað ákveðið á afmælisgjafaóskalistanum segir Helgi: „Ég er mikið í sveitinni þessa dagana þannig að öll verkfæri sem duga til landbúnaðar eru á óskalistanum.“

**gudnyhronn@365.is**



†

**Theodór Líndal Helgason**

bílamálari,

andaðist á hjúkrunarheimilinu Skjóli 5. maí síðastliðinn. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**Fyrir hönd fjölskyldu og annarra aðstandenda, börn og barnabörn.**



†

**Birkir Friðbertsson**

bóndi,
Birkihlíð,

lést 5. júní.
Jarðarför auglýst síðar.

**Guðrún Fanný Björnsdóttir**
**börn, tengdabörn**
**og aðrir aðstandendur.**



†

Ástkær bróðir okkar, unnusti, frændi og vinur,

**Árni Alexandersson**

**Legomeistari Íslands,**
Bláskógum, Sólheimum,

lést að heimili sínu þann 1. júní. Útför hans fer fram frá Sólheimakirkju Grímsnesi þann 12. júní kl. 15.00.

**Kristinn Alexandersson**
**Heiðar Alexandersson**
**Þorsteinn Jóhannsson**
**og fjölskyldur**
**Dísa Sigurðar**
**og íbúar á Sólheimum**



†

Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Pétur Sigvaldason**

bóndi,
Klifshaga 2, Öxarfirði,

sem lést á Skógarbrekku á Húsavík 1. júní, verður jarðsunginn frá Skinnastaðarkirkju í Öxarfirði, laugardaginn 10. júní kl. 14.00.

**Unnur Sigurðardóttir**
**Aðalheiður Pétursdóttir** **Guðni Þórólfsson**
**Sigvaldi Pétursson**
**Stefán Pétursson** **Guðlaug Anna Ívarsdóttir**
**Ingimar Pétursson**
**og afabörn.**

# Fólk

FÖSTUDAGUR 9. JÚNÍ 2017

Lífsstíll



Fríða Sigurðardóttir, landsliðskona í blaki, varð á dögunum fyrsta konan til að spila 100 landsleiki.

Lífsstíll →4






Anna Lára Sigurðardóttir Orlowska tók þátt í Ungfrú Ísland til að láta gott af sér leiða og ná til fleira fólks með boðskap sinn og reynslu. MYND/EYÞÓR

# Súrkálið er galdurinn

Anna Lára Sigurðardóttir Orlowska hefur verið handhafi glitrandi kórónu ungfrú Íslands síðan hún var krýnd fegurst íslenskra kvenna á ágústkvöldi í fyrra. →2

Þórdís Lilja Gunnarsdóttir
thordisg@365.is





Anna Lára segir fegurð ekki einungis í andliti fólgna heldur vegi innri maður og hjartalag mun þyngra. MYND/EYÞÓR

Það hefur kennt mér margt um sjálfa mig að vera valin ungfrú Ísland. Í dag er ég óhrædd við að segja og gera það sem mig langar til. Ég er miklu sterkari persóna,“ segir Anna Lára, reynslunni ríkari.

Hún segist ekki vera meðvituð um að vera kvenna fegurst á degi hverjum. „Nei, og ég er alltaf að segja að ég sé bara Anna Lára þrátt fyrir að vera með þennan titil. Fegurð er heldur ekki einungis fólgin í ytra útliti því uppspretta hennar er fyrst og fremst í innri manni og ég tel mig vera hjartahlýja og góða manneskju sem kemur fram við aðra af virðingu og kærleika.“

Besta fegrunarráðið frá ungfrú Ísland er að brosa. „En ég hugsa vitaskuld vel um heilsuna, rækta kroppinn í World Class og finnst æðislegt að dansa zumba þaðan sem ég kem alltaf út endurnærð og kát. Ég borða líka heilnæmt í flest mál, hafragraut í morgunmat, egg og eitthvað með því í hádegismat og fisk eða góðan kjúklingarétt í kvöldmat. Svo finnst mér auðvitað alltaf gott að fá mér pitsu og súkkulaði þegar sá gállinn er á mér.“

Innt eftir því hvernig hún rækti kvenleikann og hvað kvenleiki sé hjá nútímakonum svarar Anna Lára: „Sjálfri finnst mér gaman að klæða mig í föt sem sýna línurnar og láta mér líða vel og öruggri. Annars er ákaflega mismunandi hvernig við túlkum kvenleika og fyrir mig er það eitt á meðan það er allt annað fyrir aðrar konur. Mestu skiptir að okkur líði vel í eigin skinni.“

Suður-afríska alheimsfegurðardrottningin Rolene Strauss er fyrirmynd Önnu Láru á meðal fegurðardrottninga en hún var krýnd Miss World í Lundúnum árið 2014.

„Rolene er einstaklega glæsileg og flott fyrirmynd, rétt eins og ég vil vera fyrir aðrar konur. Ef ég mætti gefa ungum konum heilræði væri það að láta aldrei neitt eða neinn stoppa sig í að láta drauma sína rætast. Hvort sem það er að verða fegurðardrottning, leikstjóri eða flugmaður; það er ekkert til sem konur geta ekki gert.“

Anna Lára tók ákvörðun um að taka þátt í Fegurðarsamkeppni Íslands til að ná betur til fólks og stækka sinn heim. „Það hefur klárlega gengið eftir og keppnin hafði þar mikið að segja. Í dag er auðveldara fyrir mig að gera það sem hugur minn stefnir til og ég er óhrædd við að framkvæma það. Mig langar mest af öllu til að hafa góð áhrif út í samfélagið og er einmitt núna farin að vinna sem áhrifavaldur á samfélagsmiðlum þar sem ég miðla minni þekkingu og boðskap áfram. Það er eitt það

> **Ég bíð bara eftir að Nökkvi fari niður á skeljarnar!**
>
> Anna Lára Sigurðardóttir Orlowska

allra skemmtilegasta sem ég geri.“

### Sér ekki eftir neinu

Þegar Anna Lára var lítil var hún alltaf í kjólum og með kórónu og varð hálfgerð prinsessa.

„Mér hefði þó aldrei dottið í hug þá að ég myndi fara í fegurðarsamkeppni einn daginn en í dag finnst mér auðskiljanlegt að hafa tekið þátt. Ég ætlaði mér að verða allt sem ég gat ímyndað mér. Einn daginn var það leikkona, næsta dag að vinna í blómabúð og hinn daginn eitthvað allt annað. En ég mundi engu vilja breyta úr lífshlaupi mínu eða fortíð því lífsreynslan gerir okkur að þeim manneskjum sem við erum í dag.“

Spurð hvað sé það fegursta sem sagt hefur verið við ungfrú Ísland svarar hún: „Ég hef þó nokkrum sinnum fengið skilaboð frá ókunnugum mæðrum sem hafa tjáð mér ánægju sína yfir því að dætur þeirra hafi mig sem fyrirmynd. Það gleður hjarta mitt mjög. Það allra mikilvægasta fyrir mig er að koma vel fram og vera stúlkum og öðrum konum góð fyrirmynd.“



Anna Lára og kærastinn, Nökkvi Fjalar Orrason úr Áttunni.



Kjólar og kóróna voru eftirlætis klæðnaður Önnu Láru í æsku.




Anna Lára krýnd kórónu fegurstu konu Íslands í keppninni MIss World.

Skemmtilegast við fegurðarbransann sé að fá tækifæri til að kynnast konum frá öllum heimshornum. „Þegar ég horfi á heimskortið í dag sé ég ekki lengur lönd heldur andlitin á öllum 120 stelpunum sem voru með mér í Miss World. Það er ómetanlegt og dýrmætt.“

### Elskar pólska súrkálið

Anna Lára er fyrsta konan sem er að hálfu Íslendingur til að vera krýnd fegurst íslenskra kvenna en móðir hennar er pólsk.

„Ég er fædd og uppalin á Íslandi og að upplagi mun íslenskari en pólsk en hef að sjálfsögðu tileinkað mér marga góða pólska siði. Ég fer líka reglulega í heimsókn til Póllands og hef gaman af.“

Eftir því var tekið í pólskum fjölmiðlum þegar Anna Lára var krýnd ungfrú Ísland.

„Já, það var mikið látið með þetta úti og ég fór til Póllands með kórónuna í sjónvarpsviðtal. Auk þess fékk ég mikið af skilaboðum frá Pólverjum hér heima og úti um hversu stoltir þeir væru af að eiga ungfrú Ísland með pólskt blóð í æðum.“

Anna Lára borðar ekki rjóma og segir það oft valda undrun en hún elskar súrkál eins og aðrir Pólverjar.

„Ætli súrkálið sé ekki leyndarmálið á bak við spengilegan vöxt pólskra kvenna. Við elskum öll súrkál enda er það afskaplega heilnæmt og stuðlar að góðri meltingu.“

Anna Lára er uppalin í Efra-Breiðholti og búsett í margfrægu Fellahverfinu þar sem hún unir lífinu vel. „Breiðholtið einkennir mig alls ekki umfram annað ungt fólk í öðrum hverfum borgarinnar en það verður samt að viðurkennast að margt fólk í Breiðholti þarf að hafa meira fyrir hlutunum en aðrir.“

Í frístundum er hún ævintýra- og nýjungagjörn. „Mér finnst gaman að prófa nýjar upplifanir í íslenskri náttúru og hef yndi af frisbígolfi, fjallgöngum og fjórhjólaferðum, og svo ferðalögum um heiminn.“

Hún vonast til að geta ferðast sem mest í sumar og er staðráðin í að hafa gaman af lífinu meðfram vinnu. „Ég hef unnið í stelpuklúbbum í félagsmiðstöðinni Hundrað&ellefu en byrja með nýjan stelpuklúbb í haust. Ég vil taka starfið lengra og vera með minn eigin klúbb svo að allar ungar stelpur sem hafa áhuga geti skráð sig.

Efst á listanum er að gifta mig á Havaí og hefur alltaf verið draumurinn. Ég bíð bara eftir að Nökkvi fari niður á skeljarnar!“ segir hún og hlær dillandi hlátri.

Anna Lára er á Snapchat: annaorlowska94 og á Instagram: annalaraorlowska.



# AF HVERJU VELUR SVO MARGT AFREKSÍÞRÓTTA- OG ÆVINTÝRAFÓLK AÐ NOTA EVY?

LANGVIRK SÓLARVÖRN, ÞOLIR SJÓ, SUND OG LEIK

## SÆNSKA LANDSLIÐIÐ Í HJÓLREIÐUM




**Rennur ekki af þegar við svitnum í sólinni**
- FYRIRLIÐI ANDREAS DANIELSSON

„EVY var eina sólvörnin sem ekki sveið í augun þegar maður svitnaði. Ég hjóla tímunum saman í sólinni og þarf sólvörn sem ekki rennur af húðinni í ströngum æfingum. Fyrstu kynni mín af EVY sem áður hét Proderm var þegar ég keppti með Human Link. EVY var eina sólvörnin sem ekki rann af enninu niður í augu. Síðan nota ég eingöngu EVY og mitt keppnislið. Við keppum um allan heim og síðast i Nepal þar er sólin gríðarsterk og besta tegund af sólvörn algjör nauðsyn. Ég útbý allt mitt keppnisfólk með EVY á sólríkum dögum."

## RÓÐRAKEPPNI – YFIR ATLANTSHAFIÐ



**Eina hugsanlega sólarvörnin**
-FREDRIK ABELLIN OG VIKTOR MATTSSON

„Atlantic Rowing Race er ein af erfiðustu keppnum heims. Róið er í opnum bát yfir allt Atlanshafið til Barbados á strönd Suður Ameríku, sem er 2512 sjómílur í steikjandi sól. Það er róið á tveggjatíma vöktum, allan sólarhringinn. Þegar við erum að róa verða allar pakkningar að vera minimal en sólvörnin á sitt pláss. EVY situr mjög lengi og þolir bæði svitann og saltvatn. Að sólbrenna getur verið örlagaríkt og má bara ekki gerast. Við svo einstakar aðstæður er EVY eina hugsanlega sólarvörnin."




## SÆNSKA GOLFLANDSLIÐIÐ



**Með EVY þurfum ekki að hafa áhyggur af sólinni**
- FYRIRLIÐI KATARINA VANGDAL

„Golfspilarar í sænska golflandsliðinu þurfa að takast á við að vera í sterkri sól tímunum saman bæði í keppnum og við æfingar allt árið. Við verðum að geta að fullu einbeitt okkur að golfinu burtséð frá því hve sterk sólin er. Þetta á við um alla okkar spilara allt frá unglingalandsliðinu upp í hæstu atvinnutoppanna. Við þurfum þolna vörn sem er auðvelt að nota, án þess að þurfa að hafa áhyggur þessvegna höfum við valið EVY sem opinbera sólarvörn Sænska golflandsliðsins"

## ATVINNU LANDSLIÐSMENN Í BLAKI



**Frábært að hafa fundið svo góða sólarvörn**
-ANNA ÅSBERG OCH SOFIA ÖGREN

„Það er þægilegt að bera EVY á sig og vörnin gengur hratt inn í húðina og rennur ekki af líkamanum þegar við svitnum í sólinni. Sem blakspilarar er frábært að hafa fundið svo góða sólvörn eins og EVY sem helst á húðinni lengi því það er erfitt að bera á sig þegar leikurinn er hafinn og hendur og líkami allur í sandi. Að sólvörnin rennur ekki af líkamanum þegar við svitnum í sólinni er mikilvægt. Við notum alltaf EVY því við erum oft heilu dagana úti í steikjandi sól og engir skuggar að leita skjóls í."

## OFNÆMISPRÓFUÐ ÖRUGG SÓLARVÖRN MEÐMÆLI HÚÐLÆKNA

**Læknifræðilega skráð grunnformúla.**

SWEDISH GOLF TEAM · SWE CYCLING · VOLVO OCEAN RACE · BÄST-i-TEST.se · Svenska Vitiligo förbundet · UVA ULTRA · EVY TECHNOLOGY

Evy fæst í Apótekum, Hagkaup, Nettó, Fjarðarkaup, Melabúðinni, Græn heilsa, Fríhöfninni og víðar | nánar á evy.is

# Hættir eftir hundrað leiki

## Fríða Sigurðardóttir, landsliðskona í blaki, varð fyrsta konan til að spila 100 landsleiki. Hún hefur nú einnig slegið metið, sem var 106 leikir.

Ragnheiður Tryggvadóttir
heida@365.is

Þetta tók mig tuttugu ár. Ef ég byggi á meginlandi Evrópu væri ég örugglega komin með þrjú eða fjögur hundruð leiki eftir þetta langan tíma," segir Fríða Sigurðardóttir, landsliðskona í blaki, en hún náði þeim áfanga á dögunum, fyrst íslenskra kvenna, að spila hundrað landsleiki. Reyndar er hún þegar búin að slá metið, sem var 106 leikir, enda hafi hlaupið í hana kapp.

„Mikið vill auðvitað meira og um leið og ég hafði náð 100 leikjum fletti ég upp hvað aðrir væru með. Á undan mér höfðu aðeins tveir náð þessum áfanga, báðir karlmenn, annar með 101 leik og hinn með 106 leiki. Ég sá að ég gat strax daginn eftir jafnað annan þeirra og í sömu ferð gæti ég slegið metið, sem ég gerði. Aðstoðarþjálfarinn minn, sem átti metið, var með í ferðinni og því var auðvitað gantast mikið með þetta. Nú er ég komin með 109 leiki. Við keppum eftir tvær vikur til úrslita á Evrópumótinu og þá ætti ég að geta komist upp í 113. Ég mun hins vegar ekki halda þessu meti lengi þar sem við spilum miklu fleiri leiki núna en við gerðum allan minn feril, sem betur fer. Ég reyni að njóta þess að vera á toppnum meðan það varir," segir Fríða en hún ætlar sér að leggja skóna á hilluna eftir Evrópumótið.


Fríða ásamt Emil Gunnarssyni þjálfara eftir að hún sló landsleikjametið hans. MYND/A & R PHOTOS

### Tuttugu ár í landsliðinu

„Þetta er síðasta leiktímabilið mitt með félagsliði mínu, HK. Við tókum bæði deildarmeistaratitil og Íslandsmeistaratitil og mér finnst skemmtilegt að ljúka ferlinum þannig. Þegar landsliðið tók þátt í úrtökumóti fyrir heimsmeistaramótið spilaði ég minn hundraðasta leik á móti Serbíu. Það var brjálæðislega skemmtilegt þar sem Serbía er eitt af þremur bestu liðum í heimi. Þaðan fórum við svo beint á smáþjóðaleikana. Nú á ég eftir eina túrneringu í Lúxemborg og eftir það er ég hætt. Ég hef spilað blak frá því ég var tíu ára og verið í landsliðinu í tuttugu ár. Þetta er orðið gott. Líkaminn löngu búinn og mig er farið að langa að nota tímann í annað," segir Fríða. Blak taki mikið á líkamann og þá sérstaklega staðan sem Fríða spilar.

„Miðjan er erfiðasta staðan, mikil hopp og miklar stefnubreytingar sem reyna á liðamót og bak, axlir og hné. Í gegnum tíðina hef ég verið talsvert meidd og í keppninni var ég í sjúkraþjálfun tvisvar á dag og þess á milli með rafmagn á hnénu, bakinu og á öxlinni, var í nuddi og með kælingu. Sem betur fer er ég orðin svakalega skynsöm með hækkandi aldri og segi þetta gott," segir Fríða sposk. Blakið sé samt svo skemmtilegt og krefjandi og því hefur hún enst svo lengi.

„Það gerist svo miklu meira í blaki en mörgum öðrum íþróttum og svo mörg stig í pottinum. Liðið slysast ekki til að vinna blakleik, heldur þarf að vinna ofboðslega hart að takmarkinu. Blak er tæknilega erfið íþrótt og það þarf að reikna mikið út í huganum meðan spilað er, hraða bolta, hornafræði og fleira. Þá er blakið ekki kontaktíþrótt en er líkamlega krefjandi og maður fær mikla útrás," segir Fríða. Hún segir þó ekki erfitt að standa á þeim tímamótum að hætta spilamennsku eftir tugi ára.

„Ég hugsa að ég verði fljót að fylla tímann með einhverju öðru og er með stórar hugmyndir um að læra skartgripasmíði eða á gítar. En svo kannski geri ég bara ekki neitt. Ef hnén verða í lagi væri gaman að prófa RollerDerby."


„Ég spilaði minn hundraðasta leik á móti Serbíu. Það var brjálæðislega skemmtilegt þar sem Serbía er eitt af þremur bestu liðum í heimi."


Fríða og Elísabet Einarsdóttir í leik á móti Kýpur. MYND/CEV



# Sjómannadagurinn

Kynning: Samskip

9. JÚNÍ 2017




MYND/ERNIR

## Samskip eru búin undir makrílveiðina

Margs er að gæta þegar koma þarf fumlaust á erlenda markaði á þriðja hundrað þúsunda tonna sem ætlað er að hér verði landað af makríl á komandi vertíð. Slíkt átak kallar á gott samstarf og öflugan undirbúning, segir Gunnar Kvaran, forstöðumaður útflutningsdeildar Samskipa. →2



Samskip eru alþjóðlegt flutningafyrirtæki sem býður flutningalausnir og tengda þjónustu á landi, sjó og í lofti með hagkvæmni og sjálfbærni að leiðarljósi. Félagið býður upp á alhliða flutningaþjónustu á Íslandi og í Færeyjum, öflugt gámaflutningakerfi í Evrópu og frystiflutninga um allan heim. MYND/HELGA LAUFEY

# Rólegheit að sumri liðin tíð

Makrílvertíðin kallar á öflugan undirbúning, segir forstöðumaður útflutnings hjá Samskipum. Vegna áhrifa verkfalls sjómanna fyrr á árinu ríði á að allt gangi snurðulaust fyrir sig. Markmið Samskipa sé bæði að koma fiski á markað og gera skipum kleift að komast sem fyrst á miðin aftur.

Ætli þetta sé ekki sjöunda makrílvertíðin sem nú fer í hönd síðan við Íslendingar fórum að veiða þennan fisk," segir Gunnar Kvaran, forstöðumaður útflutningsdeildar Samskipa. Vertíðin segir hann að hefjist yfirleitt á sama tíma, í lok júní eða byrjun júlí. „Þá hefst fyrsta löndun, en undirbúningur okkar hefst fyrr með undirbúningi bæði þjónustu og flutningsleiða."

Aflinn er fluttur um langan veg á markaði í Afríku og Asíu, auk Miðjarðarhafs- og Eystrasaltslanda. Fyrst segir Gunnar að fundað sé með fulltrúum erlendra skipalína sem tilbúnar séu til að útvega gáma til Íslands. Að baki sé heilmikil keðja vöruferlisstjórnunar innan fjölþættra flutninga. Því má segja að makrílvertíðin hafi hafist fyrir rúmum mánuði hjá Samskipum með þessum fundahöldum. „Gámarnir þurfa svo að vera tilbúnir og staðsettir vítt og breitt um landið til að fjölveiðiskipin geti komið inn, landað og drifið sig aftur út á miðin."

Magnið sem veitt sé þessa þrjá mánuði sem vertíðin stendur segir Gunnar hins vegar gríðarlegt. „Og þunginn í þessu er yfirleitt í kring um lok júlí eða í byrjun ágúst. Þá kemur mesta magnið í land." Með tilfærslum á kvóta frá síðasta ári segir hann standa til að veiða um 174 þúsund tonn hér við Ísland. Við bætist svo um 50 þúsund tonn sem grænlensk skip veiði í grænlenskri lögsögu, en landi hér. Alls um 220 þúsund tonn. „Þannig að rólegheitasumur sem margir kannast við eru löngu liðin og júlí og ágúst orðnir háannamánuðir hjá okkur. Þetta breyttist allt með tilkomu makrílsins."

> **Þannig að rólegheitasumur sem margir kannast við eru löngu liðin og júlí og ágúst orðnir háannamánuðir hjá okkur. Þetta breyttist allt með tilkomu makrílsins.**

Um leið segir Gunnar ljóst að á Íslandi séu ekki til tæki og tól til að koma í gáma öllu því magni sem von sé á. Samskip keppi því líka við stór frystiskip sem flytji afla til Hollands, Eystrasaltsins og jafnvel beint til Afríku. „Þau taka drjúgan skerf af þessu, en okkar áform eru að fylla kerfin þessar 10 til 12 vikur og flytja eins mikið magn og mögulegt er." Vertíðarstemningin sé góð hjá Samskipum og allir leggist á eitt. „Aðalatriðið er að skipuleggja þetta vel með útgerðum og söluaðilum. Það þýðir lítið að hringja og segjast þurfa að landa í 30 gáma á morgun ef engir gámar eru á svæðinu."

Að auki segir Gunnar svo standa til boða að láta afla millilenda í frystigeymslum Samskipa, ýmist hér á landi eða erlendis. „En mest af því sem landað er fer beint til kaupenda á mörkuðum erlendis."

Í febrúar leystist níu vikna verkfall sjómanna. Gunnar segir ljóst að svo löng veiðistöðvun komi víða niður, þar á meðal hjá flutningsaðilum. Sjá megi á aflatölum að fisk vanti í kerfin og frá markaðnum berist sögur af ákveðnum erfiðleikum sem einhvers staðar hafi orðið þegar íslenskur fiskur hafi misst hillupláss og aðrir, svo sem Norðmenn, hafi náð fótfestu. „Það er verkefni fyrir dyrum hjá söluaðilum og útgerðum að vinna aftur þá markaði." Makrílvertíðin nú skipti því marga miklu máli.



Gunnar Kvaran, forstöðumaður útflutningsdeildar Samskipa, hefur haft í nógu að snúast síðustu vikur við undirbúning fyrir makrílvertíðina í sumar. MYND/ERNIR

Útgefandi: 365 miðlar | Ábyrgðarmaður: Svanur Valgeirsson | Sölumaður auglýsinga: Jóhann Waage, johannwaage@365.is, s. 512 5439 | Veffang: Visir.is

www.n1.is facebook.com/enneinn




ENNEMM / SÍA / NM75654

Alltaf til staðar N1

# Hátíðahöld um allt land

Sjómannadagurinn er haldinn hátíðlegur um allt land þann 11. júní. Dagskráin er fjölbreytt á Hátíð hafsins í Reykjavík og þá blása Norðlendingar og Vestfirðingar til hressilegrar skemmtidagskrár.




Við sendum sjómönnum og fjölskyldum þeirra hátíðarkveðjur í tilefni dagsins





NORDFISK
FISKMARKAÐUR NORÐURLANDS
Valeska


Hátíð hafsins samanstendur af tveimur hátíðardögum, hafnardeginum sem haldinn er laugardaginn 10. júní og sjómannadeginum, sem haldinn er á sunnudeginum. Hátíðarsvæðið nær frá Hörpu, um gömlu höfnina, út á Grandagarð og að HB Granda. Útisvið á Grandagarði verður með skipulögðum viðburðum.

Fjölbreytt dagskrá verður í boði, þar má nefna ljósmyndasýningu um 100 ára sögu hafnarbakkans en undanfarin ár hafa Faxaflóahafnir sett upp veglega ljósmyndasýningu ásamt þeim Guðjóni Inga Haukssyni sagnfræðingi, Guðmundi Viðarssyni og Guðjón Friðrikssyni á steyptum stöplum við Miðbakka. Það myndefni sem valið er hverju sinni á að gefa vegfarendum góða innsýn í þróun byggðar og hafsækinnar starfsemi. Í ár er sýningin tileinkuð því að 100 ár eru liðin frá því að gamla höfnin var formlega tekin í notkun.

### Lostæti úr hafinu

Gestir hátíðarinnar fá að bragða á lostæti úr hafinu í boði Faxaflóahafna og Sjómannadagsráðs í tjöldunum á Grandagarði. Á boðstólum verða þrjár tegundir af síld ásamt einstöku makríl-paté, súrum hval og þorskalifrarpaté.

### Koddaslagur

Bræður munu berjast í koddaslag á Plankanum í boði „Bið að heilsa niðrí slipp“.

Á árum áður tíðkaðist á sjómannadaginn að saltbarin þrekmenni reyndu á manndóm hvert annars í Reykjavíkurhöfn þar til annað féll í sjóinn við sára smán og hneisu.

Sex heljarmenni etja nú kappi á Plankanum við Verbúðarbryggjurnar á sunnudaginn kl. 15.00.

### Akureyri og Hrísey

Á Akureyri hefst dagurinn með sjómannamessu í Glerárkirkju en þar verður einnig lagður blómsveigur að minnismerki um drukknaða og týnda sjómenn. Klukkan 13 siglir eikarbáturinn Húni II ásamt hvalaskoðunarbátum frá Ambassador og Eldingu frá Torfunefsbryggju að Sandgerðisbót og þar bætist fjöldi smábáta við hópinn og er siglt aftur saman inn á Poll. Öllum er velkomið að mæta á Torfunefsbryggju og sigla með án endurgjalds.

Í Menningarhúsinu Hofi verður létt sjómannadagsstemning frá klukkan 14 til 17. Fram koma fimir og flinkir danshópar frá dansskólanum Steps Dancecenter, Haraldur Ingi Haraldsson, fyrrverandi bæjarlistamaður, verður með leiðsögn um sýningu sína Aðgerð/Gutted, norðlensku tónlistarkonurnar Helga Kvam, Lára Sóley Jóhannsdóttir, Þórhildur Örvarsdóttir og fleiri flytja sjómannalög. Siglingaklúbburinn Nökkvi verður við höfnina við Hof með skútur og báta og hægt verður að kaupa ilmandi sjávarréttasúpu í götumáli hjá 1862 Bistro.

Í Hrísey verður sigling kl. 10 og messa í Hríseyjarkirkju í framhaldinu. Klukkan 13 hefst víðavangshlaup og er mæting við Hríseyjarbúðina. Í beinu framhaldi af hlaupinu verða leikir og sprell á hátíðarsvæði og við smábátabryggjuna. Reiptog, pokahlaup, skóflu-hlaup, vatnsblöðrukast, róðrarkeppni á kajökum, kappróður á gúmmíbátum fyrir börnin, sigling á björgunarsveitarbát o.fl. Klukkan 15 verður kaffihlaðborð í íþróttahúsinu í samstarfi við Verbúðina 66.

### Vestfirðir

Á fréttavefnum bb.is segir frá dagskrá sjómannadagsins á Vestfjörðum. Á Patreksfirði er hefð fyrir miklum hátíðarhöldum en á dagskránni má sjá Stebba og Eyfa, Hreim og Matta, Skímó og Sirkus Íslands.

Í Bolungarvík stendur yfir dagskrá á þuríðardeginum sem lýkur á sunnudag með kaffisölu Kvennadeildar Landsbjargar í Félagsheimilinu. Þar á milli má heyra í Hirti Trausta og Maríu Ólafs, skella sér í hátíðarsiglingu eða fylgjast með leikhópnum Lottu. Dagskrána má nálgast á heimasíðu Bolungarvíkurkaupstaðar.

Á Flateyri dorga bæði ungir og gamlir, skella sér í reiptog, koddaslag og flekahlaup en dagskráin hefst á föstudegi með Pub Quiz á Vagninum og endar á siglingu um fjörðinn kl. 13.00 á sunnudaginn. Á laugardagskvöld er dansleikur í Samkomuhúsinu þar sem F1 rauður leikur fyrir dansi.



Spennandi dagskrá verður um allt land á sjómannadaginn.

> Gestir hátíðarinnar fá að bragða á lostæti úr hafinu í boði Faxaflóahafna og Sjómannadagsráðs í tjöldunum á Grandagarði. Á boðstólum verða þrjár tegundir af síld ásamt einstöku makríl-paté, súrum hval og þorskalifrarpaté.


Sætoppur sendir sjómönnum og fjölskyldum þeirra sem og landsmönnum öllum hátíðarkveðjur á sjómannadaginn 2017



SÆTOPPUR



Sætoppur ehf. | Lónsbraut 6 | 220 Hafnarfirði | 551 7170



# MEÐ GRÆNA SAMVISKU?

## Ferskar sjávarafurðir í umhverfisvænni umbúðum

Íslenskur sjávarútvegur er í fararbroddi í heiminum. Hvort sem litið er til ferskleika afurðanna, hreinleika framleiðslunnar eða nýsköpunar í greininni er um allan heim horft til íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja sem leiðandi aðila. Kaupendur og neytendur sjávarafurða á heimsvísu eru kröfuharðir viðskiptavinir sem ætlast til þess að gæði, ferskleiki og umhverfisvitund haldist í hendur. Hjá Odda leggjum við okkar af mörkum með því að tryggja að umbúðir frá okkur utan um íslenskar sjávarafurðir séu umhverfisvænni en hjá samkeppnisaðilum og að fádæma lágt kolefnisspor* þeirra veiti íslenskum fyrirtækjum forskot á erlendum markaði.

Umbúðir frá Odda skila vörunum ferskum á áfangastað og tryggja að kaupendur og neytendur geti notið bestu sjávarafurða á markaðnum með grænni samvisku.

**Veldu minna kolefnisspor – fyrir okkur öll.**

### Pappakassar

Mismunur á milli Odda og annarra framleiðslulanda Kg $CO_2$ ígildi




### Karfapokar

Mismunur á milli Odda og annarra framleiðslulanda Kg $CO_2$ ígildi






**www.oddi.is**

*Skýrsla EFLU verkfræðistofu, okt. 2016

**Raforka framleidd að mestu með kjarnorku

# Fiskneysla er af hinu góða

**Krabbameinsfélagið kynnti á dögunum nýja skýrslu um tengsl sjávarfangs og krabbameina. Dr. Jóhanna Eyrún Torfadóttir tók skýrsluna saman en þar segir m.a. að fiskneysla virðist veita vernd gegn myndun brjóstakrabbameins og geta dregið úr framgangi blöðruhálskirtilskrabba.**

Vera Einarsdóttir
vera@365.is



Samantektin er yfirgripsmikil og nær yfir fjölda rannsókna og yfirlitsgreina. Helstu niðurstöður eru þær að fiskneysla, sérstaklega þegar borðað er mikið af feitum fiski, virðist veita vernd gegn myndun brjóstakrabbameins, en ekki eru vísbendingar um að hún hindri myndun krabbameins í blöðruhálskirtli. Engu að síður virðast einstaklingar sem hafa greinst með krabbamein í blöðruhálskirtli eða brjóstum geta bætt lífshorfur sínar með því að borða feitan fisk reglulega samhliða hollu og fjölbreyttu fæði. Á það sérstaklega við ef mataræðið var gott fyrir.

Þá kemur fram að fæðubótarefni sem innihalda langar ómega–3 fitusýrur, sem finnast bara í fiski og sjávarfangi, og D–vítamín geta verið verndandi fyrir krabbamein í brjóstum og blöðruhálskirtli, ásamt því að auka lífshorfur þeirra sem greinst hafa með þessi mein. Hins vegar er tekið fram að ofurskammta af ómega–3 fitusýrum eða D–vítamíni skuli varast því þeir geta mögulega haft neikvæð áhrif á heilsu og framgang krabbameina.

## Hve mikið er hæfilegt?

En hve mikið er hæfilegt að taka inn? „Samkvæmt Matvælaöryggisstofnun Evrópu þá er langtíma neysla á allt að 5 grömmum af samanlagt löngum ómega-3 fitusýrum á dag talin örugg. Til samanburðar þá gefur ein teskeið eða 5 millilítrar af lýsi um það bil 0,9 grömm, sem er hæfilegt,“ upplýsir næringar- og lýðheilsufræðingurinn Jóhanna Torfadóttir, sem starfar á Miðstöð í lýðheilsuvísindum við HÍ. „Mikil neysla á þessum fitusýrum getur hins vegar aukið blæðingartíma og jafnvel dregið úr virkni ónæmiskerfisins.“

Samkvæmt norrænum næringarráðleggingum eru efri mörk öruggrar langtímaneyslu á D-vítamíni 4000 alþjóðlegar (IU) einingar, eða 100 míkrógrömm. „Hæfilegt magn eru 15 míkrógrömm á dag sem svarar til 600 IU,“ segir Jóhanna. Hún segir rannsóknir hafa leitt í ljós að há D-vítamíngildi í blóði geta jafnvel aukið dánarlíkur vegna brjóstakrabbameins. Þau geta sömuleiðis hækkað kalkstyrkinn í blóði sem getur valdið aukaverkunum eins og einkennum frá meltingarvegi og aukinni hættu á brothættum beinum, nýrnasteinum og neikvæðum áhrifum á hjarta- og heilastarfsemina.



Jóhanna Eyrún Torfadóttir, næringar- og lýðheilsufræðingur.

## Hvaða fisktegundir ætti að borða?

En þegar talað er um að feitur fiskur veiti vernd um hvaða tegundir er þá helst að ræða? „Ég get nefnt lax, silung, síld, makríl, sardínur og lúðu,“ segir Jóhanna. Spurð hvort ekki hafi verið sýnt fram á verndandi áhrif magurs fisks segir hún að í þeim rannsóknum sem voru til skoðunar í þessu tilviki, sem tengdust krabbameinsáhættu, hafi oftast ekki verið gerður greinarmunur á fisktegund. „Oft eru þátttakendur bara spurðir hversu oft þeir borða fisk án þess að spyrja nánar um tegund hans. Hins vegar má sjá að í þeim rannsóknum þar sem vitað var um fisktegundina og magn langra ómega-3 fitusýra jafnvel reiknað þá fannst frekar verndandi samband fyrir krabbamein í brjóstum og minnkuð hætta á að látast úr blöðruhálskirtilskrabbameini.“

Jóhanna segir samt sem áður vísbendingar um að magur fiskur geri sitt gagn en nýlega birtist íslensk rannsókn þar sem fiskneysla íslenskra kvenna var skoðuð. Þar fundust verndandi tengsl á milli mikillar fiskneyslu, eða oftar en fjórum sinnum í viku, við brjóstakrabbameins. „Í rannsókninni var ekki spurt hvort um væri að ræða magran eða feitan fisk en við vitum, meðal annars vegna landskannana á mataræði Íslendinga, að algengustu fisktegundirnar á boðstólum landsmanna hafa verið ýsa og þorskur,“ segir Jóhanna. Hún segir rannsóknina nokkuð sér á báti þar sem sjaldgæft er í öðrum löndum að tíðni fiskneyslu sé jafn há. „Hún gefur vísbendingar um að mikil neysla á mögrum fiski geti líka veitt vernd gegn brjóstakrabbameini. En þetta þarf þó að rannsaka betur.

## Þarf að líta á mataræðið heildstætt

Jóhanna bendir þó á að aldrei sé gott að einblína aðeins á eitthvað eitt. „Það er yfirleitt á kostnað einhvers annars.“ Hún mælist því ekki til þess að fólk hámi eingöngu í sig feitan fisk. „Það sem við sjáum aftur og aftur er að líta þarf á mataræðið með heildstæðum hætti. Það eru þessi samlegðaráhrif sem gilda. Að hafa gott jafnvægi, borða úr öllum fæðuflokkum og að mestu leyti næringarríkt og hollt. Það virðist gera okkur afar gott.“


# Slipp og hoj!





SLIPPBARINN

Hér á Slippbarnum og Kaffislipp slær hjarta okkar í takt við handtökin á höfninni og við elskum ekkert meira en full lungu af fersku sjávarlofti. Þess vegna er Hátíð hafsins líka uppáhalds viðburðurinn okkar á árinu og ekki skemmir fyrir að Kaffislippur heldur upp á tveggja ára afmæli sitt um helgina!

**Í ÁR TÖKUM VIÐ ÞÁTT Í HÁTÍÐAHÖLDUNUM MEÐ ÞVÍ AÐ BJÓÐA UPP Á:**
Fiskisúpu Slippbarsins milli kl. 15 og 17 **laugardaginn 10. júní**
Afmælistilboð á veitingum á Kaffislipp **sunnudaginn 11. júní**

Kíktu til okkar, fylltu magann af góðgæti, eyrun af harmóníkutónlist Margrétar Arnardóttur og við gefum þér stórt faðmlag – eða að minnsta kosti fimmu.



KAFFISLIPPUR DELÍ



Icelandair hótel Reykjavík Marina | Mýrargata 2-12 | 560 8000 | kaffislippur.is | slippbarinn.is


www.ekran.is
ERT ÞÚ AÐ VELJA RÉTTA KOSTINN?
Við aðstoðum útgerðina þína við að finna hagkvæmustu leiðina í kostkaupum
Góð þjónusta og samkeppnishæf verð!
1918
HAFÐU SAMBAND OG FÁÐU TILBOÐ!
Sími 530 8500 | soludeild@ekran.is | ekran.is
Ekran
Fáðu fréttir af nýjum vörum og tilboðum á Facebook: @Ekranehf

# Mikill áhugi fyrir nýsköpun

**Undanfarinn áratug hefur margt áhugavert komið fram í nýsköpun í sjávarútvegi hér á landi, ekki hvað síst þegar kemur að tæknibreytingum.**

Mikill árangur hefur náðst í nýsköpun í sjávarútvegi hér á landi undanfarinn áratug. Þar gegnir Íslenski sjávarklasinn mikilvægu hlutverki en hann hefur fyrst og fremst það hlutverk að tengja ólíka aðila í sjávarútvegi saman, segir Berta Daníelsdóttir, framkvæmdastjóri klasans. „Sjávarklasinn hefur innanborðs fólk og fyrirtæki úr öllum greinum sjávarútvegsins og þá ekki síst þeim nýju greinum sem eru mikilvægar í áframhaldandi þróun sjávarútvegsins. Þannig höfum við reynt að tengja hefðbundnar greinar sjávarútvegsins meira við vöruhönnuði sem dæmi.“

Með stofnun Húss sjávarklasans skapaðist einnig gott umhverfi fyrir frumkvöðla í sjávarútvegi, að sögn Bertu. „Það umhverfi hefur verið afar vel nýtt sem sést best á því að fjölmörg ný fyrirtæki hafa orðið til á þessum vettvangi sem skapa nú verðmæti og ný störf.“

### Jákvæðar breytingar

Undanfarinn áratug hefur margt áhugavert komið fram í nýsköpun í sjávarútvegi, ekki síst þegar kemur að tæknibreytingum í tengslum við vinnsluna. „Þar hafa orðið gríðarlega miklar og jákvæðar breytingar. Með þeim höfum við Íslendingar náð að verða í fremstu röð í gæðum. Þá finnst mér gaman að sjá hversu mikill áhugi er fyrir nýsköpun og frumkvöðlastarfsemi tengdri hafinu hjá þjóðinni um þessar mundir. Við fáum alltaf fín viðbrögð hjá fjölmiðlum þegar við kynnum frumkvöðlastarfsemina og einstök fyrirtæki, hvort sem þau eru að kynna nýja tegund af harðfiski, lyf úr þorskalifur og allt þar á milli.“

Aðspurð um helstu vaxtarbroddana í greininni segir hún Íslendinga geta gert miklu meira af því að þróa eigin vörur beint á neytendamarkað. Ýmis fyrirtæki, stór og smá, séu þó að vinna að því. „Við eigum eftir að sjá verulegar breytingar í þeim efnum á komandi árum. Ég tel að vaxtarbroddarnir liggi í því að auka samtal okkar við erlenda neytendur og koma með fleiri vörur sem eru merktar íslenskum fyrirtækjum og Íslandi. Það liggja miklir möguleikar í því að tengja okkar einstöku matvæli beint við landið okkar. En til þess að ná árangri í þeim efnum þurfum við að auka markaðssetningu og kynna okkar sjálfbæra og hreina land fyrir erlendum neytendum.“



Berta Daníelsdóttir er framkvæmdastjóri Íslenska sjávarklasans. MYND/ERNIR

### Mikil þörf til staðar

Hún segir erfitt að benda á sérstakar vörur eða fyrirtækið sem standi upp úr síðustu árin, það sé eins og að gera upp á milli barnanna sinna. „Þó verð ég að nefna Reykjavík Foods sem í síðustu viku setti á markað hægeldaðan lax í dósum. Þetta er íslenskur lax og við hann er blandað ýmsum hágæða hráefnum eins og basilíku og trufflum. Von er á fleiri skemmtilegum nýjungum frá þeim. Til viðbótar má nefna fyrirtækið Margildi. Þeir sérhæfa sig í fullvinnslu á lýsi og ómega-3 til manneldis og tækifæri þeirra til markaðssetningar í Asíu eru mjög mikil.“

Berta segir draum Íslenska sjávarklasans að opna klasa í nágrannalöndunum. Þannig verði til net af frumkvöðlafyrirtækjum sem leggi áherslu á að bæta nýtingu hafsins og framleiða á sjálfbæran hátt vörur úr efnum sem áður var kastað. „Við opnuðum klasa í Maine-fylki í Bandaríkjunum sem hefur gengið afar vel og erum í viðræðum við ýmis önnur svæði um að opna klasa. Það er mikil þörf fyrir sprotaathvarf í tengslum við sjávarútveg víða á Vesturlöndum og Íslenski sjávarklasinn er eitt allra besta dæmið um góðan árangur af slíkri vinnu.“





HEIMILDARMYND UM ÁSBJÖRN RE-50

Í KALDALÓNI HÖRPU, 10 & 11. JÚNÍ

Ísfisktogarinn Ásbjörn RE-50 hverfur senn úr rekstri HB Granda. Kvikmyndagerðarmaðurinn Björgvin Helgi Möller Pálsson hefur, í samstarfi við HB Granda, gert heimildarmynd um skipið. Myndin er um 50 mínútna löng og spannar hún feril skipsins frá komu þess til landsins ásamt því að núverandi áhöfn er fylgt eftir eina veiðiferð.

SÝNINGAR ERU OPNAR ALMENNINGI OG AÐGANGUR ER ÓKEYPIS

LAUGARDAGURINN 10. JÚNÍ
kl. 14:00 kl. 15:00 kl. 16:00

SUNNUDAGURINN 11. JÚNÍ
kl. 12:00 kl. 13:00
kl. 14:00 kl. 15:00

HB GRANDI

Sjá nánar á hbgrandi.is/asbjorn


Nortek og Nordata óskar sjómönnum
og fjölskyldum þeirra til hamingju með daginn
Nortek
ÖRYGGISTÆKNI
NORDATA

TIL HAMINGJU
MEÐ DAGINN
SJÓMENN
ÖLFUS
NÝ ÚTFLUTNINGSLEIÐ
Skoðaðu möguleikann að landa ferskum fiski
í Þorlákshöfn og senda beint út til Evrópu.
Hafðu samband!
hofn@olfus.is






Gamli og nýi tíminn mætast. Til hægri er Ásbjörn RE og til vinstri Engey RE. MYNDIR/KRISTJÁN MAACK

# Mikil breyting á aðbúnaði

**Friðleifur Einarsson hefur verið sjómaður í 37 ár, þar af 27 á togaranum Ásbirni RE. Hann hefur nú tekið við sem skipstjóri á glænýju skipi HB Granda, Engey RE91.**

Sólveig Gísladóttir
solveig@365.is



Mér líst mjög vel á skipið og útbúnaður og vistarverur eru allt aðrar og betri en maður hefur átt að venjast. Mér leist ekkert alltof vel á skipslagið þegar ég sá það fyrst á teikningum en það venst alveg ótrúlega vel. Við lentum í miklum mótvindi á Miðjarðarhafi á leiðinni til Íslands, en skipið reyndist mjög vel. Það er líka miklu stærra en Ásbjörn og munar þar ekki síst um það að Engey er fjórum metrum breiðari en gamla skipið," segir Friðleifur í samtali við Þúfu, fréttabréf HB Granda.

Friðleifur og bræður hans voru aldir upp við sjóinn enda bjuggu þeir á Álftanesi. „Afi gamli var sjómaður og var með trilluútgerð frá Álftanesi. Pabbi lagði ekki sjómennskuna fyrir sig en hann var þó alltaf á grásleppu á vorin og við bræðurnir byrjuðum ungir að róa með honum," segir Leifur en svo merkilega vill til að bræðurnir þrír, Friðleifur, Ólafur og Einar Bjarni, lögðu fyrir sig sjómennskuna sem ævistarf og allir störfuðu þeir um tíma sem skipstjórar á ísfisktogaranum Ásbirni RE.

Friðleifur réð sig 18 ára gamall sem háseta á togarann Jón Vídalín ÁR frá Þorlákshöfn í febrúar árið 1980 og því fagnaði hann nýverið 37 ára starfsafmæli. Frá Jóni Vídalín og Þorlákshöfn lá leiðin yfir á Snorra Sturluson RE sem Bæjarútgerð Reykjavíkur (BÚR), einn af forverum HB Granda, gerði þá út. Hann fór svo í Stýrimannaskólann árið 1985.



Friðleifur Einarsson í brúnni á Engey RE91.



Aðstaðan fyrir sjómenn er öll til fyrirmyndar í nýja skipinu.

Eftir að Hraðfrystistöð Reykjavíkur sameinaðist Granda árið 1989 tóku við árin á Ásbirni sem urðu samtals 27. „Ég hef alltaf kunnað vel við mig í þessari vinnu. Auðvitað eru upp- og niðursveiflur í afkomunni. Þannig er það bara í þessu starfi," segir Friðleifur.

Hann hefur nú tekið við sem skipstjóri hins nýja skips HB Granda, Engeyjar RE91, sem kom til landsins í janúar. Öll áhöfn Ásbjarnar fluttist einnig yfir á hið nýja skip.






**Við óskum sjómönnum og fiskvinnslufólki til lands og sjávar kærlega til hamingju með Sjómannadaginn**

mjöll frigg
-hreinlega sterkari

BRIM SEAFOOD

FJARÐABYGGÐ

Garri

HAMPIÐJAN
www.hampidjan.is

HB GRANDI

Simberg ehf
Askalind 2, 201 Kópavogur

Golden Seafood Company
www.goseco.com

KÖFUNARÞJÓNUSTAN EHF
sími 863 5699 • www.kafari.is

Ledljós
Ludviksson ehf
www.ledljós.is

ÖLFUS

VOLVO PENTA
volvopenta.is | Brimborg

vörumerking

GÁMAÞJÓNUSTAN HF.
BÆTT UMHVERFI - BETRI FRAMTÍÐ

ICELAND RESPONSIBLE FISHERIES

SLYSAVARNAFÉLAGIÐ LANDSBJÖRG

N1

samskip

SAMHENTIR
UMBÚÐALAUSNIR

VIÐSKIPTAHÚSIÐ

# Skemmtidagskrá á Austfjörðum

Um helgina verður mikið húllumhæ um allt land í tilefni sjómannadagsins. Í Fjarðabyggð er sjómannadagurinn ein stærsta hátíð sumarsins. Í kvöld verður sundlaugarpartí í Sundlaug Eskifjarðar og verða fullorðnir að koma í fylgd með börnum og/eða unglingum. Dj Doddi Mix þeytir skífum og heldur uppi fjörinu á Kaffihúsinu þar í bæ og verður frítt inn. Á morgun hefjast hátíðarhöldin með götuþríkeppni og verður einnig dorgveiðikeppni á Frystihúsbryggjunni. Klukkan eitt verður sigling og að henni lokinni hefst dagskrá á Eskjutúninu. Sjómannamessan verður á sínum stað á sunnudaginn og eftir hana verða sjómenn heiðraðir. Á Fáskrúðsfirði verður sigling á laugardaginn og messa á sunnudaginn þar sem sjómenn munu taka virkan þátt í athöfninni. Neskaupstaður verður skreyttur hátt og lágt á morgun og annað kvöld verður unglingaball í Atómi frá kl. 20-23. Á laugardag verður sigling og um kvöldið ball í Egilsbúð. Á sunnudaginn er formleg skemmtidagskrá og m.a. keppt í reiptogi, koddaslag og björgunarsundi áhafna. Aldraðir sjómenn verða heiðraðir.



Fátt er skemmtilegra en að skella sér í siglingu um sjómannadagshelgina.






# Barnahátíð hafsins

Sjómannadagurinn er ævintýraleg upplifun fyrir krakka. Á Hátíð hafsins í höfuðstaðnum verður boðið upp á línubrú aftan við Víkina sjóminjasafn, furðufiskasýningu og andlitsmálningu á Grandagarði 8, klifurvegg, bryggjusprell og fjölskylduratleik á Bótabryggju og fjölskyldudag í Bókabúð Forlagsins við Fiskislóð. Farin verður skrúðganga frá Hörpu að Granda klukkan 12.30 á sunnudag og í Viðey verður margt áhugavert í boði í tilefni sjómannadagsins. Bryggjuveiði krakka með verðlaunum verður í boði á Verbúðarbryggju á sunnudag og í Sæbjörginni, sem liggur við Bótabryggju, verður listasmiðja og sjóræningjakaffi á laugardeginum þar sem allur ágóði rennur til tækjakaupa fyrir björgunarsveitirnar. Nánari upplýsingar um tímasetningar á dagskrá má sjá á hatidhafsins.is.



# Taílensk fiskisúpa

Hér er uppskrift að einfaldri og bragðmikilli fiskisúpu sem tilvalið er að prófa á sjómannadaginn.

Innihald:

**1 bolli hrísgrjón**
**2 msk. smjör**
**500 g risarækjur**
**Salt og pipar**
**2 hvítlauksrif, pressuð**
**1 laukur, smátt skorinn**
**1 rauð paprika, smátt skorin**
**1 msk. rifið engifer**
**2 msk. rautt karrí (red curry paste)**
**2 dósir kókosmjólk**
**960 ml nautasoð (eða vatn og 3-4 teningar af nautakrafti)**
**Safi úr 1 límónu**
**Kóríander til skreytingar (má sleppa)**

Sjóðið hrísgrjónin í 1½ bolla af vatni. Takið til hliðar og geymið. Bræðið smjör í potti við meðalhita og bætið risarækjunum út í. Steikið þar til bleikar að lit eða í 2-3 mínútur og hrærið reglulega. Saltið og piprið að smekk. Takið úr potti og geymið.

Setjið hvítlauk, engifer, lauk og papriku í pottinn og steikið í 3-4 mínútur eða þar til grænmetið er mjúkt. Bætið rauðu karríi við og hrærið í eina mínútu.

Bætið næst nautasoði og kókosmjólk saman við og hrærið stöðugt í súpunni í 1-2 mínútur svo allt blandist vel saman. Hitið að suðu, lækkið þá hitann og látið malla í um 10 mínútur. Bætið að lokum risarækjum, hrísgrjónum, límónusafa og kóríander við. Berið strax fram. Heimild: grgs.is.



**„Ef búnaðurinn virkar ekki eða illa er verið að eyða ansi háum fjárhæðum með litlum árangri,“ segir Sigurjón Sigurðsson, framkvæmdarstjóri lausnasviðs Exton.** MYNDIR/EYÞÓR

# Réttur búnaður skiptir öllu máli

## Gott fundarherbergi og fjarfundarbúnaður skiptir miklu máli fyrir rekstur margra fyrirtækja og stofnana. Með réttum lausnum frá Exton má spara mikla fjármuni til lengri tíma og mikinn tíma fyrir stjórnendur.

Þótt flestir landsmanna þekki til verka Exton sem leigufyrirtækis þegar kemur að ýmsum tækjum í tengslum við hljóð, ljós, sviðsuppsetningu og fleira í tengslum við stærri tónleika hér á landi er um helmingur starfsemi fyrirtækisins á sviði ýmissa lausna til fyrirtækja hérlendis og erlendis, segir Sigurjón Sigurðsson, framkvæmdastjóri lausnasviðs Exton. „Auðvitað erum við þekktust fyrir aðkomu okkar að þessum stóru tónleikum á borð við Rammstein, Justin Timberlake, Justin Bieber og innlendum viðburðum á borð við Fiskidaginn mikla á Dalvík. En á sama tíma erum við stórtækir í sölu á ýmsum lausnum fyrir fyrirtæki í ólíkum atvinnugreinum hér á landi.“

Hann nefnir m.a. að fyrirtækið selji lausnir til allra stærstu sjónvarpsstöðva hér á landi og þessa dagana sé verið að klára stórt verkefni með Smárabíói í tengslum við skjávarpa og tjöld. „Síðan snýr stór hluti af lausnasviði okkar að því að hanna og selja allan nauðsynlegan búnað í fundarherbergi fyrirtækja og stofnana. Þar sameinum við alla þessa nauðsynlegu þætti sem skipta máli fyrir gott fundarherbergi, t.d. hljóð, mynd og ljós. Við höfum útbúið sérstakt fundarherbergi í húsnæði okkar að Vesturvör í Kópavogi þar sem við getum sýnt fyrirtækjum hvernig við teljum að alvöru fundarherbergi og fjarfundarbúnaður eiga að vera.“

### Úrvals lausnir

Þar skiptir mestu máli að hljóð og mynd virki vel saman. „Á svona fundum sitja oft margir stjórnendur með afar takmarkaðan tíma. Ef búnaðurinn virkar ekki eða illa er verið að eyða ansi háum fjárhæðum með litlum árangri. Við þjónustum ýmis fjármálafyrirtæki og opinberar stofnanir, mörg stærri hótel landsins og mörg fyrirtæki í útflutningi. Örugg og góð samskipti skipta öllu máli í viðskiptum þessara fyrirtækja.“

Þegar kemur að fjarfundum býður Exton upp á úrvals lausnir. „Með einföldum hætti er hægt að hringja hefðbundin símtöl eða þar sem fundargestir eru í mynd, í gegnum Skype. Í fundarherbergi okkar hanga tveir hljóðnemar í loftinu, hvor með þrjá minni hljóðnema, sem allir til samans nema allt tal mjög vel. Fyrir vikið verða allar samræður manna á milli mjög skýrar. Þegar myndfundur er haldinn notum við sömu stjórntæki en tengjumst Skype. Þá skiptir öllu máli að hljóð og mynd séu skýr þar sem allir fundargestir sjá framan í hver annan. Áður fyrr var algengt að einn hátalari væri staðsettur á miðju fundarborði sem þýddi að þeir sem sátu við enda borðsins, þá gjarnan æðsti stjórnandi, heyrði illa hvað fór fram. Með lausnum okkar er þessi vandi úr sögunni.“

Þær lausnir sem Exton býður upp á gera m.a. fundargestum kleift að skipta skjánum upp í marga hluta. „Þannig geta t.d. fjórir fundargestir unnið uppi á skjávarpanum frá tölvum sínum eða síma. Einn gæti t.d. verið með Excel-skjal opið á meðan annar er að vinna í Word. Þriðji gæti verið að spila myndband á YouTube og svo fjórði með póstforritið opið. Hver og einn getur svo tekið yfir allan skjáinn tímabundið.“

### Auðveldar vinnuna

Staðsetning hátalara skiptir líka miklu máli, segir Sigurjón. „Það þýðir t.d. ekki að stilla þessu upp þannig að myndin sé á skjávarpa en hljóðið komi aftan frá. Þess vegna höfum við hátalara allan hringinn sem skiptir öllu máli á fjarfundum þegar allir þurfa að heyra mjög vel hvað fer fram, sérstaklega í alþjóðlegum samskiptum.“




**Það er auðvelt að stjórna fundartímanum með lausnum frá Exton.**



**Í höfuðstöðvum Exton í Kópavogi geta áhugasamir skoðað frábærlega útbúið fundarherbergi með mjög góðum fjarfundarbúnaði.**

Bókunarbúnaður er einfaldur í lausnum Exton. Fyrir utan fundaherbergi Exton er lítill skjár sem er beintengdur við póstkerfi starfsmanna. „Þar er auðvelt að panta fundarherbergi, staðfesta fundartíma og lengja fundi ef þarf. Þegar viðkomandi fundarherbergi er upptekið er rautt ljós á skjánum þannig að þeir sem ganga fram hjá því sjá að það er upptekið.“

